VESTFIRSKIR VERKTAKAR
Háþrýstiþvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
www.vverk.is
Sími: 456 6600

Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156
Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk
Fimmtudagur 20. mars 2008 · 12. tbl. · 25. árg.

Tónlistin er þáttur af samfélaginu

– rætt við Sigríði Ragnarsdóttur, skólastjóra Tónlistarskólans á Ísafirði, um 60 ára sögu skólans en hún hefur verið viðriðin starfsemi hans frá stofnun. Í miðopnu rifjar Sigríður upp minningar frá bernskuheimili sínu sem var miðstöð tónlistarlífs á Ísafirði í áratugi, fjallar um hlutverk tónlistar í samfélaginu og skólastarfsemina sem hún hefur stýrt í aldarfjórðung.

Jarðhitaleit boðin út innan tíðar

Verið er að leggja lokahönd á útboðsgögn fyrir jarðhitaleit Orkubús Vestfjarða í Tungudal í Skutulsfirði. Kristján Haraldsson orkubússtjóri segir að auk vinnu við útboðsgögn þurfi að fá leyfi frá Ísafjarðarbæ fyrir borplani undir tæki og tól sem verða notuð við leitina. Að sögn Kristjáns gera menn sér vonir um að finna heitt vatn en verkið er engu að síður áhættusamt. Finnist vatn verður ávinningurinn hins vegar umtalsverður. Leitin er framhald rannsókna sem fóru fram í Tungudal.

Orkubúið hefur einnig leitað eftir vatni í Bolungarvík en leitin hefur ekki gefið góð fyrirheit. Kristján býst við að áframhald verði á jarðhitaleit í Álftafirði þegar fjármagn úr opinberum sjóðum fæst. Ekki er hægt að slá því föstu að leitin fari fram í ár þó verkið verði boðið út fljótlega. Þar ræður annríki fyrirtækja í þessum geira en einungis tvö fyrirtæki eru starfandi á landinu.

Samkvæmt þeim úttektum sem Íslenskar orkurannsóknir hefur kynnt er Ísafjörður stærsta einstaka verkefnið á landsvísu. Þ.e. að finnist jarðhiti á Ísafirði er það stærsta kalda byggðarlagið sem myndi breytast í jarðhitabyggðarlag.

Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði.

Ímyndarátak fyrir Vestfirði

Verið er að vinna svokallað ímyndarverkefni á vegum Vaxtarsamnings Vestfjarða, en Vestfirðir virðast glíma við ímyndarvanda. Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Vestfjarða segir atvinnurekendur og stjórnendur fyrirtækja finna fyrir ímyndarvanda, ekki síst þegar verið sé að auglýsa störf fyrir langskólagengna, þar sem fáir sæki oft um. Einnig vanti iðnmenntað starfsfólk. Erfitt sé kannski fyrir fólk að átta sig á því að hverju það gangi með því að flytja til Vestfjarða. Nú á að reyna að snúa vörn í sókn og gera jákvæða þætti búsetu á Vestfjörðum sýnilegri.

Skilyrði séu fyrir hendi sem til dæmis höfuðborgarsvæðið geti ekki keppt við eins og þjónustustigið og lágt fasteignaverð, sem spili stóran hluta í útgjöldum fjölskyldna. Lengi hafi verið í umræðunni að fara í slíkt átak, en frumkvæðið komi frá mennta og rannsóknarklasa Vaxtarsamningsins. *– smari@bb.is*

Einkaframkvæmdarleiðin enn til skoðunar

Útreikningar á hagkvæmni munu ráða því hvort ný sundlaug á Ísafirði verði gerð í einkaframkvæmd. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að skoðun á þessum málum sé ekki farin nægilega vel af stað. „Einkaframkvæmd kemur enn vel til greina en hagkvæmnisútreikningar munu segja til um það“, segir Halldór. Áætlað er að hefja hönnun nýrrar sundlaugar og íþróttamiðstöðvar á Torfnesi á þessu ári. Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2008 er gert ráð fyrir nægilegu fjármagni til að hanna mannvirkin og útbúa útboðsgögn á þessu ári.

Nýr troðari á skíðasvæðið

Skíðasvæði Ísfirðinga hefur borist kærkominn glaðningur en nýr troðari kom með flutningabíl á föstudag. Troðarinn er af Kässbohrer verksmiðjunum og er af gerðinni Pisten Bully 600. Úlfur Guðmundsson, forstöðumaður skíðasvæðisins, er að vonum ánægður með að ný troðari sé kominn í hús en fyrir eru tveir troðarar á svæðinu, báðir nokkuð komnir á aldur.

Nýr Gunnar Friðriksson kominn

Nýr björgunarbátur Björgunarfélags Ísafjarðar kom til heimahafnar á Ísafirði á sunnudag. Guðmundur Þór Kristjánsson, umsjónarmaður björgunarbáta félagsins, segir að siglingin frá Reykjavík hafi gengið skínandi vel. „Það var rjómablíða alla leið og báturinn reyndist mjög vel“, segir Guðmundur. Bátnum var gefið sama nafn og forveri sinn, Gunnar Friðriksson. Báturinn er smíðaður í Bretlandi og sömu gerðar og sá sem fyrir er en mun hraðskreiðari.

„Helsta framförin frá gamla bátnum er að þessi er hraðskreiðari. Hann er bæði með öflugri vélar og er léttari.“ Báturinn gengur 19 mílur, fimm

Séra Magnús Erlingsson blessaði bátinn.

og hálfri mílu en sá gamli. Guðmundur segir að gamli báturinn muni fyrst um sinn vera í afleysingum fyrir björgunarbáta sem fyrir eru á svæðinu, alla vega til að byrja með. Kaupverð er á milli 8 og 9 milljónum.

Heildarkostnaður mun vera eitthvað meiri þegar búið verður að gera hann kláran, setja í hann útbúnað og fleira. „Við munum bjóða til fagnaðar þegar hann verður tilbúinn og gleðjast með velunnurum félagsins“, segir Guðmundur.

– smari@bb.is

Gunnar Friðriksson kemur til hafnar.

Snorri Hermannsson, björgunarsveitarmaður til áratugar, afhjúpaði nafn bátsins.

Sveitarfélög sögð blekkja hestamenn

Sveitarfélög hafa hestamenn að féþúfu með óréttlátum fasteignagjöldum og sum sveitarfélaganna brjóta einnig jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar, segir Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamanna, í samtali við Ríkisútvarpið. Hann nefnir Ísafjarðarbæ sem dæmi um sveitarfélög sem hafa breytt flokkun hesthúsa þannig að þau flokkist sem iðnaðarhúsnæði og bera þess vegna mun hærri fasteignagjöld en áður.

Haraldur segir sveitarfélögin hafa hestamenn að féþúfu. Hann segir einnig að hestamönnum sé mismunað innan sama sveitarfélags og nefnir sem dæmi Árborg. Hesthús á lögbýlum bera mun minni fasteignagjöld en þau sem eru í þéttbýli án þess að nokkur munur sé á þjónustustigi.

Landssambandið ætlar að grípa til aðgerða vegna þessa og lögfræðingur sem Haraldur hafi ráðfært sig við segir þetta vera klárt brot á stjórnarskrá.

Framkvæmdum miðar vel

Vegaframkvæmdum í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi miðar vel. Gísli Guðnason, verkstjóri hjá KNH ehf. segir að þrátt fyrir leiðinlegt tíðarfar sé verkið á undan áætlun. „Veðrið hefur verið rysjótt frá áramótum en við höfum samt unnið alla daga nema einn og hálfan og að öðru leyti hefur þetta gengið vel“, segir Gísli. Hann segir að einungis sé einn og hálfur kílómeter eftir af vegagerð en það er spottinn yfir Vatnsfjarðarháls og mun það taka næsta einn og hálfan mánuðinn. Verða þá allir vegir tilbúnir fyrir lagningu slitlags og annan frágang. Brúin yfir Reykjarfjörð er tilbúin nema að vegrið vantar og smíði brúarinnar yfir Mjóafjörð hefst eftir páska.

Um tvö aðskilin verk er að ræða. Annars vegar vegagerð og brúarsmíði í Mjóafirði, Vatnsfirði og Reykjarfirði og hinsvegar vegagerð í Ísafirði. Báðum verkunum á að skila 1. nóvember nk. Bundið slitlag verður lagt á vegkaflann í Ísafirði í byrjun júní. Vinnuflokkur KNH fór í páskafrí á þriðjudagskvöld og snýr aftur til vinnu þriðjudag eftir páska.

– smari@bb.is

Störf í boði hjá Ísafjarðarbæ

Í framhaldi af innleiðingu nýs stjórnskipulags hjá Ísafjarðarbæ eru auglýstar þrjár nýjar og spennandi stöður í bæjarfélaginu. Umsóknarfrestur er til 28. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsstjóri í síma 450 8000 eða um netfangið mannaudsstjori@isafjordur.is.

Umhverfisfulltrúi

Um er að ræða 100% nýtt starf umhverfisfulltrúa hjá Ísafjarðarbæ. Umhverfisfulltrúi ber ábyrgð á því að útlit bæjarins sé snyrtilegt og bæjarfélaginu til sóma. Hann þarf að hafa forystu um bætta umgengni, endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og halda uppi fræðslu og áróðri í því skyni.

Helstu verkefni:

· Yfirumsjón með málaflokknum í umboði sviðsstjóra framkvæmdasviðs og umhverfisnefndar.
· Gerð umhverfisáætlana og verkefni á sviði Staðardagskrár 21.
· Yfirumsjón með opnum svæðum og útvistarsvæðum í samstarfi við garðyrkjustjóra.
· Umsjón með skipulagi sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu.
· Skipulagning starfa vinnuskóla.
· Störf fyrir umhverfisnefnd og önnur verkefni sem tengjast umhverfismálum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

· Menntun á sviði skrúðgarðyrkjufræða, umhverfisfræða eða annað sambærilegt nám.
· Starfsreynsla á sviði umhverfismála æskileg.
· Hæfni í mannlegum samskiptum.
· Frumkvæði og leiðtogahæfni.

Upplýsingafulltrúi

Um er að ræða 100% nýtt starf upplýsingafulltrúa hjá Ísafjarðarbæ. Upplýsingafulltrúi sér um innri og ytri upplýsingamiðlun fyrir sveitarfélagið, stefnumörkun fyrir nýtt þjónustuver og stefnumótun varðandi markaðssetningu Ísafjarðarbæjar utan svæðis.

Helstu verkefni:

· Þátttaka í mótun upplýsingastefnu og framkvæmd hennar.
· Ábyrgð á miðlun upplýsinga til íbúa sem varða starfsemi bæjarfélagsins.
· Innri upplýsingamiðlun og innra net.
· Uppbygging og starfsemi þjónustuvers.
· Umsjón með kynningarefni á íslensku og öðrum tungumálum.
· Ritstjórn vefsíðu bæjarfélagsins.
· Samskipti við fjölmiðla.
· Þátttaka í teymisvinnu.
· Önnur verkefni tengd upplýsingamálum Ísafjarðarbæjar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

· Menntun sem nýtist í starfi.
· Starfsreynsla á sviði upplýsinga- og kynningarmála.
· Gott vald á íslenskri tungu.
· Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
· Frumkvæði og leiðtogahæfni.



Umsjónarmaður eigna hjá Ísafjarðarbæ

Um er að ræða 100% nýtt starf umsjónarmanns eigna, sem starfar á framkvæmda- og rekstrarsviði bæjarins. Umsjónarmaður eigna ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri mannvirkja Ísafjarðarbæjar. Hann ber stjórnunarlega ábyrgð á húsvörslu íþróttamannvirkja og annarra stofnana bæjarins. Umsjónarmaður eigna hefur mannaforráð, einkum í starfsemi íþróttahúsa bæjarins.

Helstu verkefni:

· Þátttaka í gerð fjárhagsáætlana um viðhald og rekstur mannvirkja.
· Gerð viðhaldsáætlana mannvirkja.
· Kostnaðareftirlit.
· Samskipti við verktaka og gerð verksamninga.
· Þátttaka í teymisvinnu og fundum innan stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar.
· Verkefnastjórnun.

Menntunar- og hæfniskröfur:

· Menntun sem nýtist í starfinu, t.d. tækni- og iðnmenntun.
· Stjórnunarreynsla.
· Starfsreynsla á sviði fasteignaumsýslu æskileg.
· Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
· Frumkvæði og leiðtogahæfileikar.

ÍSAFJARÐARBÆR

Eru ekki allir sexy?

Helgi Björnsson er án nokkurs efa einn allra færasti ballistamaður þjóðarinnar. Fyrst með hinni ísfirsku Grafík, og síðar með Síðan skein sól setti Helgi ný viðmið á böllum víða um land.

Síðan skein sól spilaði um langt árabil á páskaböllum á Ísafirði en hefur látið lítið að sér kveða í bænum síðustu árin. Þeir félagar ætla að bæta úr nú um páskana og ætla að spila á balli í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á páskadag og á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður kvöldið áður.

Spiluðu reglulega víða um bæ

– Nú eruð þið að spila á balli á Ísafirði í fyrsta sinn í alltof langa tíma að flestra mati þar sem þið voruð jú fastagestir um páska í fleiri ár. Er ekki kominn áratugur eða hátt í það síðan þið spiluðuð síðast?

„Jú það hlýtur að vera, en annars bara hreinlega man ég það ekki. Ég held við höfum alla vega voðalega lítið spilað á Ísafirði á þessari öld. Við vorum í mörg ár alltaf uppi á Dal á föstudaginn langa og spiluðum svo á balli um kvöldin. Þannig gekk þetta lengi á síðasta áratug síðustu aldar. Við vorum að koma reglulega, ekki bara um páska.“

– Þið hafið spilað mjög víða á Ísafirði, í Krúsinni, Sjallanum og félagsheimilinu í Hnífsdal. En þið hafið aldrei áður spilað í Edinborgarhúsinu. Hvernig leggst það í ykkur?

„Það er alveg nýtt og ég hlakka mikið til þess. Við spiluðum mikið á öllum hinum stöðunum, en þó kannski sérstaklega á Sjallanum.“

– Og hvað verður á boðstólnum hjá Sólinni, þá annars vegar á Aldrei fór ég suður og hins vegar á ballinu? Verða það standardarnir, eða verður þetta eitthvað kassagítarsdæmi?

„Við erum að sjálfsögðu að hugsa um að rokka þetta svolítið. Við fáum ekki betra tækifæri til þess. Á ballinu verður náttúrlega grenjandi stuð eins og venjulega og ekkert gefið eftir með það. Þar verður dustað rykið af öllum gömlu standördunum og kannski verður eitthvað af aðeins nýrra efni líka.

Á Aldrei fór ég suður var ég að spá í að við myndum taka kannski aðeins rokkaðara efni. Þá er ég að tala um Eplið og svolítið meiri rafmagnsgítar.“

Heiður af fá að taka þátt

– Nú er búið að ákveða að þið verðið þess heiðurs aðnjótandi að loka gigginu á Aldrei fór ég suður og verðið síðasta hljómsveitin á laugardagskvöldið. Eru þið ekki ánægðir með það?

„Jú, mér finnst það rosalega mikill heiður. Mér finnst líka rosalega gaman og mikils virði að fá að taka þátt í þessu festivali sem er aldeilis búið að slá í gegn. Ég hlakka mikið til að fá að taka þátt í því. Mér finnst að þeir sem eru með þessa hátíð eigi heiður skilinn fyrir það hvað þeir eru búnir að halda vel utan um þetta. Þessi hátíð er að verða orðin einn stærsti atburðurinn á Ísafirði. Hún hefur borið orð bæjarins víða og gerir mann alltaf stoltan af því hvaðan maður er.“

– Þú hefur nú áður tekið þátt í hátíðinni. Fyrir tveimur árum komstu fram og söngst með Erni Elíasi Guðmundssyni og hljómsveitinni Prumpison.

„Jú jú, ég aðstoðaði þá aðeins í einu lagi. Það var mjög gaman og ég hlakka mikið til að koma aftur.“

Síðan skein sól breytir páskum í jól

– Hvað ertu annars að gera þessa dagana úti í Þýskalandi?

„Ég er aðallega að vinna bara við leikhúsið mitt. Í gær vorum við í Hamborg vegna þess að húsið var tilnefnt til verðlauna til svokallaðra „Deutsche live entertainment award“ og ég var á þeirri hátíð. Því miður náðum við ekki í dolluna, en engu að síður var heiðurinn fólginn í því að vera einn af fjórum sem voru tilnefndir til verðlaunanna. Það er ekki lélegt í svona stóru og miklu landi.“

– Þannig að þú ert að ná nokkrum árangri í listageiranum þarna úti?

„Já, svona ef maður miðar við þessa viðurkenningu sem er mjög gott klapp á bakið.“

– Er eitthvað sem þú vilt bæta við? Hefurðu einhver skilaboð til Ísfirðinga fyrir páskana?

„Já, það er bara je, je, je, eru ekki allir sexy? Síðan skein Sól breytir páskum í jól.“

– halfdan@bb.is

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 19. mars - 25. mars

146 kr
Verð áður 186 kr

120 gr Hamborgarar úr kjötborði*

1.698 kr/kg
Verð áður 2.168 kr/kg

22% afsláttur

Lambalæri með ferskum kryddjurtum

199 kr

Lay's snakk 200 gr

179 kr

Vínarkökur



489 kr

Emmess skafís 1,5 L

199 kr

MS súrmjólk 1 lítri með bragðefnum

499 kr

Kók 4x2 lítrar Light, Zero og venjulegt

149 kr
Nabisco Oreo hjúpað 264 gr

99 kr
Nabisco Oreo 176 gr

98 kr
Verð áður 183 kr

Appelsínur

Samkaup úrval

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður • Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðin gilda 19. mars - 25. mars • *Á eingöngu við þar sem fersk kjötborð eru á staðnum

Opnun Tölvulistans skýrist eftir páska

Tölvulistinn ætlar að opna verslun á Ísafirði. Ásgeir G. Bjarnason, forstjóri Tölvulistans, segir að ekki hafi náðst að taka endanlega ákvörðun um hvenær búðin opni fyrir páska. „En það kemst skriður á málið strax eftir páska“, segir Ásgeir. Í febrúar kom fram að búið væri að finna samstarfsaðila Tölvulistans á Ísafirði en ekki gefið upp hver það væri. . „Við erum að tala um nýja búð, en rekna af aðila sem er fyrir með verslun“, sagði Ásgeir þá.

25% aflasamdráttur milli ára

Heildarafli á Vestfjörðum dróst saman um 25% í febrúar borið saman við sama mánuð í fyrra. Í febrúar 2008 komu á land 3.507 tonn en 4.697 tonn í fyrra. Þorskaflinn drós saman um 43%. fór úr 2.430 tonnum í 1.378 tonn. Ýsuaflinn jókst um 101 tonn milli ára. 1.279 tonn af ýsu komu á land samanborið við 1.178 tonn í fyrra.

Ritstjórnargrein

Breyttir tímar

Forfeður okkar, sem áttu nær allt sitt undir því sem fiskimiðin gáfu, ýttu aldrei svo úr vör að ekki væri farið með sjóferðabæn og áhöfnin fól sig honum á vald, sem þeir voru fullvissir um að yfir þeim vakti og öllu réði, með trúartákni kristinna manna. Þótt þarna væru á ferð menn, markaðir af margra ára hörðum átökum við náttúruöfl sem engu eirðu í sínum versta ham, vissu þeir öðrum betur að við hinar verstu aðstæður myndi þeirra mannlegi máttur duga skammt. Nútíma siglingatæki leiddu ekki litla opna fleytu, ýmist knúna þöndum seglum eða handaflinu einu saman, í gegnum sortann; sambandi við strandstöðvar björgunarsveita var ekki til að dreifa né aðstoðar öflugra skipa Landhelgisgæslunnar að vænta. Hvert var þá hálmstráið sem gripið var til?

Öldum saman voru Passíusálmar Hallgríms Péturssonar helsta fótfesta almennings í andlegum efnum. Svo ríkur þáttur voru þeir í daglegu lífi fólks að vissa er fyrir að ófáir kunnu þá að miklu leyti eða utanbókar. Og þótt margt hafi breyst halda þeir enn velli. Nú þykir meira að segja fint að fá hinar og þessar starfsstéttir til lesturs þeirra í kirkjum. Passíusálmur nr. 51, eitt af snilldarverkum Steins Steinarr, nýtur vinsælda fólks á öllum. Nafngiftin og umfjöllunarefnið blífur.

Ekki að ástæðulausu er oft spurt hvort allar breytingar séu til batnaðar. Á því herrans ári 2008 er svo komið fyrir íslensku þjóðinni að yfirvöld fræðslumála hafa ákveðið að fræðsla um siðgæði í skólum landsins megi með engum hætti tengjast kristinni trú. Það sé ekki í takt við frelsið sem þjóðin hefur tileinkað sér á öllum sviðum. Andstætt fjölmenningarþjóðfélagi.

Bæjarins besta hefur áður gert vikurnar tvær, páskavikuna og skíðavikuna, að umtalsefni og bent á að þrátt fyrir samruna á almanakinu þeirra sé tilefni þeirra gjörólíkt; annars vegar er um að ræða eina mestu trúarhátíð kristinna manna og hins vegar fagnaðar- og útivistarhátíð brottfluttra Ísfirðinga og innbyggjara. Óhætt er að fullyrða að í gegnum árin hafi sátt, samlyndi og virðing ráðið för um framkvæmd þessarar rótgrónu og þýðingarmiklu hátíðar fyrir mannlífið á hinni fornu Eyri við Skutulsfjörð.

Bæjarins besta vonar að allir „gömlu“ Ísfirðingarnir sem hugðust koma til Ísafjarðar um páskana hafi náð „heim“ í faðm fjalla (hvítra), að dvölin verði þeim ánægjuleg og heimförin farsæl.

Bæjarins besta óskar lesendum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar páskahátíðar. *– s.h.*

Á þessum degi fyrir 31 ári

Varnarliðið losar hvellhettuhylki í sjóinn

Varnarliðið hefur látið fleygja í sjóinn litlum hylkjum utan af hvellhettum, sem notaðar eru til þess að losa hlustunardufl frá flugvél þegar því er varpað í sjóinn til að fylgjast með ferðum kafbáta. Hylki þessi, sem eru á stærð við hárlakksbrúsa og opin í annan endann, eru úr málmi. Hefur þeim verið sökkt á svæði þar sem hraunbotn er, svo að þau komi ekki upp í togveiðibúnað.

Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra og yfirmaður varnamáladeildar utanríkisráðuneytisins sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær, að þessi hylki væru algjörlega skaðlaus og í þeim væri hvorki eiturefni né annað, sem gæti skaðað lífið í sjónum. Um væri að ræða málmhylki, sem ekki væri unnt að nýta aftur hér á landi og hefðu þau verið farin að safnast fyrir á Keflavíkurflugvelli. Hafi því verið ákveðið að losa sig við þessi hylki á þennan hátt. […]

Samkvæmt alþjóðasamningi sem gerður var í London árið 1972 og fjallar um efni, sem varpað er í sjó, ber að tilkynna öðrum aðildarríkjum, sem samþykkt hafa samninginn, hverju varpað hafi verið í sjó, hvar og hve miklu magni.

Sundahöfnin á Ísafirði.

Verðhrun á varanlegum þorskkvóta

Engin viðskipti hafa verið með varanlegan þorskkvóta um langt skeið. Verðið fyrir kílóið var 4.000 krónur um mánaðamótin október/nóvember en hefur síðan hríðfallið. Nú eru boðnar 2.700-3.000 krónur fyrir kílóið en enginn vill selja. Hins vegar bregður svo við að verð á leigukvóta þorsks er í hámarki. „Viðskipti með varanlegan þorskkvóta hafa engin verið í marga mánuði. Erfitt er að fá lánsfé í bönkum fyrir kvótakaupum og svo sjá menn ekki vitglóru í því að kaupa kvóta á þessum okurvöxtum. Hljóðið í útgerðarmönnum er mjög neikvætt og helstu viðskiptavinir okkar hyggja ekki á kvótakaup á næstunni, jafnvel þótt verðið hafi lækkað svona mikið. Þeir sjá engan grundvöll fyrir því,” segir Eggert Jóhannesson hjá Bátar og kvóti í viðtali við Viðskiptablaðið.

Sama þróun hefur orðið í viðskiptum með varanlegan þorskkvóta í krókaaflamarkskerfi smábátanna, en verðið þar er 400-500 krónum lægra en í stóra kerfinu fyrir kílóið af varanlegum kvóta. Rétt er að nefna í þessu sambandi að verð fyrir varanlegan þorskkvóta var í 2.700 krónur í stóra kerfinu áður en þriðjungs kvótaskerðing tók gildi í upphafi þessa fiskveiðiárs. Í tengslum við það hækkaði verðið á kvótanum um þriðjung en viðskipti hafa lítil sem engin verið síðan.

Eru bæjarstjórinn og forsætisráðherrann sammála?

Ummæli Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, um fjármögnun tillagna Vestfjarðaskýrslunnar hafa vakið athygli Kristins H. Gunnarssonar alþingismanns. Á vef sínum rekur Kristinn ummæli Halldórs um Vestfjarðaskýrsluna. Í bréfi Halldórs til bæjarráðs, sem tekið var fyrir á fundi ráðsins þann 28 janúar, segir Halldór orðrétt:

„Við í Vestfjarðanefndinni teljum að fyrst og fremst hafi það verið skortur á fjárheimildum fyrir árið 2007 sem geri það að verkum að ekki urðu til 28,5 störf á því ári.“ Kristinn spurði Geir H. Haarde í umræðum á Alþingi um efndir Vestfjarðaskýrslunnar. Kristinn segir í pistli sínum að Geir hafi borið til baka að fjárskortur hefði staðið í veginum fyrir fullum efndum skýrslunnar á síðasta ári.

Ummæli Halldórs, sem birtust á bb.is 7. mars síðastliðinn, vekja athygli Kristins en þar segist Halldór vera sammála Geir um að fjármagn hafi ekki skort til framkvæmda tillagna Vestfjarðarnefndar. Hann tiltekur reyndar að einhverjar tafir hafi orðið vegna þess að fjárlög og fjáraukalög hafi ekki verið samþykkt fyrr en í desember.

– smari@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* · Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, símar 456 4694 og 863 7655, *halfdan@bb.is og* Smári Karlsson, sími 866 7604, *smari@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Tónlist beint í símann

vodafone

Milljón lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn

Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu tónlist á betra verði.

Tilboðspakki

Sony Ericsson W910i og þráðlaus Bluetooth móttakari

Fullkominn Walkman tónlistarsími. Örþunnur sleðasími. 3G, EDGE, 1 GB minniskort. Fer á Netið með Vodafone live! Fæst í „Havana gold" og svörtu.

Tengdu móttakarann við hljómflutningstækin þín – heima eða í bílnum – og spilaðu tónlistina þráðlaust úr símanum í fullkomnum hljómgæðum!

44.900 kr.

Kynntu þér tónlist í símann hjá **Pólnum**, umboðsaðila Vodafone á Ísafirði.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

PÓLLINN

Lögreglan fylgist með öryggisbúnaði barna

Lögreglan á Vestfjörðum fylgist þessar vikurnar sérstaklega vel með öryggisbúnaði barna í bílum sem og hvernig ökumenn skafa snjó af bílum sínum. Önundur Jónsson yfirlögregluþjónn segir allan gang vera á því hversu duglegir ökumenn eru að skafa rúður. „Einn bifvélavirkinn sagði að hann væri mjög ánægður með bissnessinn sem hann fær á veturna. Menn eyðileggja rúðuþurrkur og rúðuþurrkumótorana ef ekki er skafið almennilega af rúðum og það er tjón allt frá nokkrum þúsund köllum upp í tugi þúsunda. En það er smámál í samanburði við hættuna sem skapast þegar ökumenn sjá ekki almennilega út úr bílum sínum“, segir Önundur. Lögreglan verður með sérstakan viðbúnað yfir páskana en búist er við miklum mannfjölda til Ísafjarðar.

Íbúum fækkaði um 135

Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 135 á síðasta ári. 1. janúar 2007 bjuggu í Ísafjarðarbæ 4.090 manns en 1. janúar 2008 voru þeir 3.955. Fækkunin er 3,3 prósent. Á Vestfjörðum fækkaði um 162 íbúa, eða 2,2 prósent. Á sama tímabili fjölgaði um 1,8 prósent á öllu landinu.

Íþróttafélagið Ívar á Ísafirði 20 ára

Íþróttafélagið Ívar á Ísafirði fagnaði 20 ára afmæli sínu í síðustu viku. Stofnfundur félagsins var haldinn á sal Grunnskóla Ísafjarðar 12. mars 1988 og stofnfélagar voru 14 talsins. Megin tilgangur og markmið félagsins er að efla útivist og íþróttaiðkun fatlaðra á norðanverðum Vestfjörðum með æfingum, námskeiðum og keppnum. Einnig hefur Ívar gert fötluðu íþróttafólki á svæðinu kleift að taka þátt í mótum fatlaðra á landsvísu svo og erlendis. Félagið hefur einbeitt sér að sundi og boccia og hafa Ívarsmenn náð góðum árangri í þeim greinum innan sem utan landsteinanna. Æfingar í boccia hafa verið í boði frá stofnun félagsins og sundæfingar frá árinu 1998.

Vegna fjarlægðar Ívars frá öðrum félögum innan Íþróttasambands fatlaðra hefur félagið nær eingöngu tekið þátt í Íslandsmótum ÍF í boccia og sundi en einnig hefur í góðri samvinnu við íþróttafélagið Höfrung á Þingeyri haldið á vorin svo kallað Halldórs Högna mót í boccia. Þar keppa félagsmenn Ívars við eldri borgara og aðra velunnara á Þingeyri og nágrenni. Þá er keppt um farandbikar sem var gefinn af Halldóri Högna.

Einnig má geta þess að Ívar hefur átt keppendur á þrem síðustu Special Olympics heimsleikum, þau Önnu Elínu Hjálmarsdóttur, Héðinn Ólafsson og nú síðast Sveinbjörgu Sveinbjörnsdóttir. Hafa þau öll verið félaginu til sóma. Síðasta stórmót sem Ívar sendi þátttakendur á var nú í febrúar síðast liðinn er Ívar sendi þrjár sundstúlkur, þær Elmu Guðmundsdóttir, Kristínu Þorsteinsdóttir og Ragneyju Líf Stefánsdóttir á Malmö-open.

Stærsta verkefni íþróttafélagsins Ívars frá stofnun er Íslandsmót fatlaðra í boccia í einstaklingskeppni sem haldið var í íþróttahúsinu Torfnesi, á Ísafirði október 2001. Félagið fékk fjölmarga bæjarbúa í lið með sér og tókst mótið frábærlega. Íþróttafélagið Ívar hefur átt mikinn stuðning frá íbúum á norðanverðum Vestfjörðum sem hafa tekið vel í þær fjáraflanir sem félagið hefur staðið fyrir. Helstu fjáraflanir félagsins er jólakortasala sem hefur verið fastur liður frá stofnun félagsins.

Einnig er og stærsta fjáröflun félagsins fyrirtækjamót Ívars í boccia sem haldið hefur verið ár hvert frá 2002. Fyrirtækin senda sjálf tveggja manna lið til að keppa. Mótið hefur stækkað með hverju árinu og er áhugi bæjarbúa ávallt mikill fyrir mótinu. En þar er leitast við að gera mótið sem skemmtilegast og hafa þátttakendur mætt á mótið í skemmtilegum búningum eða bara í starfsmannabúningum sinna fyrirtækja. Auk farandbikarsins í boccia sem veittur er eru veitt ýmis önnur verðlaun, eins og bestu búningar, bestu liðsheild, bestu tilþrifin og besta stuðningsmannaliðið. Drengilegur keppnisandi ríkir ávallt á mótinu og lið hafa sóst eftir að landa bocciabikarnum. Þau lið sem unnið hafa mótið eru: Hraðfrystihús Gunnvarar 2002-03, Rörtækni 2004, Sýslumaðurinn á Ísafirði 2005, Rannsóknastofa Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ 2006. Á síðasta ári vann Við pollinn.

Þrír af efnilegum keppendum Ívars Elma Guðmundsdóttir, Kristín Þorsteinsdóttir og Ragney Líf Stefánsdóttir frá sundmóti í Svíþjóð fyrr á árinu þar sem þær komu heim með alls ellefu verðlaunapeninga.

Af öðrum fjáröflunum sem standa undir rekstri Ívars má einnig nefna að skipverjar á Júlíusi Geirmundssyni gefa dósir sem falla til eftir hvern túr og að Ívar hefur staðið fyrir merkjasölu á kjörstöðum fyrir kosningar.

Stjórn Ívars er ávallt að huga að fjölbreytni í starfi og var því ákveðið að halda Special Olympics mót í fótbolta og frjálsum íþróttum og það var haldið 31. ágúst -2. september. Þátttaka var ágæt og félagsmenn Ívars tóku þátt í öllum greinum. Mótið tókst vel þrátt fyrir að veðurguðirnir voru mótsgestum ekki hliðhollir. Er nú aukinn áhugi meðal félagsmanna Ívars að halda áfram að stunda þessar íþróttagreinar.

„Það er ljóst að möguleikarnir eru miklir fyrir Ívar og framtíðin er björt. Á þessum tímamótum Íþróttafélagsins Ívars, vill stjórn íþróttafélagsins Ívars nota tækifærið og þakka velunnurum félagsins stuðninginn síðast liðin 20 ár og vonum að framhald verði á því næstu 20 ár“, segir í tilkynningu.

Fyrsti formaður félagsins var Gísli Hjartarson en í fyrstu stjórninni sem kosin var á stofnfundinum fyrir 12 árum voru Helga Ásgeirsdóttir, Ágústa Gunnarsdóttir, Bjarni Guðmundsson og Elín Þóra Magnúsdóttir. Það var svo á aðalfundi félagsins 9. apríl, árið 1991 sem nafni félagsins var breytt í Íþróttafélagið Ívar. Það var gert í minningu um Ívar Bergmann, frá Ísafirði sem lést 1986.

Frá stofnun félagsins hafa aðeins fimm aðilar gengt formennsku í félaginu, það eru Gísli Hjartarson 1988-1990, Þóra Gunnarsdóttir 1990-91, Elín Gunnarsdóttir 1991-93, Anna Málfríður Jónsdóttir 1993-94.

Frá árinu 1994 hefur Harpa Björnsdóttir verið formaður og ekki hafa verið mikið um mannabreytingar í stjórn félagsins á þeim tíma.

– thelma@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Blogg eða blaður?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Dagfarsprúður ráðherra hefur vakið athygli með skrifum sínum og dómum, ekki síður um menn en málefni. „Er það ekki gott mál?” kynnu margir að hugsa. En er það svo eða hvað? Við því er ekki til einfalt svar. Í nafni málfrelsis, ritfrelsis og prentfrelsis eða þess sem almennt er nefnt tjáningarfrelsi telja margir sér heimilt að fara mikinn og tjá allar hugsanir sínar, rökstuddar jafnt og órökstuddar. Stjórnarskráin tryggir fólki rétt til að tjá sig opinberlega og okkur líka illa fréttir frá Rússlandi þess efnis að ríkisvaldið herði fast að fjölmiðlum og blaðamenn séu drepnir án þess að rannsókn leiði í ljós hver atvik voru.

En hér er ekki verið að ræða neitt slíkt heldur einungis mannasiði og virðingu er menn tjá sig opinberlega, þar sem allur almenningur á aðgang að hugsunum þeirra eins og þær eru fram settar hverju sinni. Í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944 er fjallað um tjáningarfrelsið í 73. grein. Hafa ber tvennt í huga. Stjórnarskráin á rætur sínar að rekja til þess er Ísland var konungsríki í sambandi við Danmörku og greininni var breytt með stjórnskipunarlögum1995. Upphafið er því að Kristján konungur IX. færði Íslendingum stjórnarskrá árið 1874, sem í aðalatriðum hefur verið notast við síðan og gengið heldur vel. En umhverfi og aðstæður hafa breyst mikið síðan.

Ekki hefur gengið vel að endurskoða stjórnarskrána. Margar nefndir hafa setið að störfum og gengið misjafnlega, einkum lítið. Ein skýringin kynni að vera sú að hugsun sú sem er grunnur stjórnarskrárinnar sé ekki bundin tíma eða stað. Gott er að hafa það í huga þegar rætt er um þessi grundvallarlög Íslands. Hitt er nokkurn veginn ljóst að Kristján IX. konungur Íslendinga hefur ekki séð fyrir bloggið, en sennilega hefði hann kallað til sín þá ráðherra sem fast hefðu vegið að embættismönnum og kjörnum fulltrúum. Þrátt fyrir að bloggið sé nýtt í heimssögunni er það gamall og góður siður að gæta að því hvernig orð eru látin falla í ræðu eða riti um menn sem gegna skyldustörfum fyrir land og lýð.

Á þeim 134 árum sem liðin eru frá því að frelsi til tjáningar var bundið í lög hafa tækifæri manna til að koma skoðunum sínum fram aukist ævintýralega. Netið með öllum sínum kostum og göllum veitir færi á því að um leið og hugsun kviknar verði hún öllum aðgengileg. Það er ekki endilega kostur nema menn gæti þess að menn skulu ábyrgjast þær fyrir dómi. Stjórnarskráin talar ekki um siðferðilega ábyrgð sem fylgir tjáningarfrelsi. Henni virðast margir hafa gleymt og ausa úr sér fúkyrðum um menn og málefni líkt og þeir væru að skrifa í dagbókina sína. Dagbók á netinu gerir siðferðislegar og lagalegar kröfur til manna og gildir einu hvort blaðrið kemur frá hátt settum eða þeim sem lægra standa. Allir eiga að vera jafnir og muna eftir mannasiðum jafnt að nóttu sem degi.

SPARISJÓÐURINN

Sparisjóður Vestfirðinga er nú orðinn hluti af Sparisjóðnum í Keflavík

Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum og velunnurum gleðilegra páska.



SPARISJÓÐURINN Króksfjarðarnesi

SPARISJÓÐURINN Súðavík

SPARISJÓÐURINN Patreksfirði

Sími 450 2500

SPARISJÓÐURINN Ísafirði

SPARISJÓÐURINN Tálknafirði

www.spkef.is

SPARISJÓÐURINN Flateyri

SPARISJÓÐURINN Bíldudal

SPARISJÓÐURINN Þingeyri

Tvö ný skipafélög

Í það minnsta tvö ný skipafélög hafa boðað komu sína til Ísafjarðar sumarið 2009. Eitt skemmtiferðaskip mun koma frá Royal Caribbean og tvö frá skipafélaginu Fred Olsen. Fjöldi skipa sem hefur bókað komu sína næsta sumar er svipaður og í fyrra.

Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að blikur séu á lofti með framtíð bransans í Noregi þar sem stjórnvöld hafa ákveðið að innheimta mengunarskatt af skipafélögum. „Menn spyrja sig hvort skipakomum muni fjölga til Íslands þar sem þessi skattur er ekki lagður á hér“, segir Guðmundur.

Hreinsun lýkur í haust

Hreinsun Garðsstaða í Ögurhreppi í Ísafjarðardjúpi klárast í haust. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að tafir hafi orðið á hreinsun vegna áhuga eins aðila á að taka hreinsunina að sér.

„Við eyddum tíma í viðræður við hann en þær gengu ekki upp á endanum og því hefur málið tafist“, segir Ómar. Hreinsunin verður því á hendi Súðavíkurhrepps og landeigenda. Á Garðsstöðum hefur safnast upp mikið af bílum og bílhræjum á undanförnum árum.

Framkvæmdum miðar vel

Framkvæmdir við nýja grunnskólabyggingu á Ísafirði eru á áætlun. Framkvæmdir hófust sumarið 2006 og eiga Vestfirskir verktakar ehf. að skila húsinu fullbúnu þann 1. júlí n.k.

Auk kennslustofa mun nýbyggingin hýsa aðalanddyri skólans, kennslueldhús og bókasafn. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 361 milljón króna en tilboð Vestfirskra verktaka var 10 milljónum hærra.

Breyting á skipulagi

Verið er að kanna hvort skipulagi Súðavíkur verði breytt á þann veg að skipulagðri íbúðabyggð verði breytt í frístundabyggð. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að mikið byggingarland sé skipulagt ofan til við Langeyri.

Ásókn í lóðirnar hefur ekki verið mikil en möguleikar frístundabyggðar ættu að vera mun meiri.

Aflaaukning á Ísafirði

Landaður afli í febrúar jókst á milli ára á Ísafirði. Í febrúar í fyrra komu samtals á land 1.030 tonn samanborið við 1.088 tonn í s.l. mánuði.

Þorskaflinn dróst saman um 39 prósent en ýsuaflinn jókst um 20 prósent. Í nýliðnum mánuði kom mest af land af ýsu öfugt við febrúar í fyrra en þá var það þorskur.

Uppbygging hefst í vor

Framkvæmdir við Eyrardalsbæinn í Álftafirði halda áfram með vorinu. Melrakkasetur Íslands verður með aðsetur í bænum. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að vonir standi til að framkvæmdum við bæinn ljúki árið 2010 og Melrakkasetrið opni ári síðar.

Forsvarsmenn setursins binda miklar væntingar við það aðdráttarafl sem Melrakkasetrið hefur fyrir Súðavík og nágrannasveitarfélögin. Með tilkomu þess verður hægt að bjóða ferðamönnum á svæðinu upp á enn fleiri afþreyingarmöguleika en nú er.

Nýbúinn Mugison

Í viðtali við DV segir Mugison að því hafi verið logið upp á hann að hann sé Vestfirðingur. Í raun sé hann úr Breiðholtinu.

„Þessu með Vestfirðina hefur eiginlega verið logið upp á mig og ég hef margoft reynt að leiðrétta þetta en aldrei tekist“, segir Mugison í viðtalinu og segist vera nýbúi fyrir vestan. Hann tekur þó fram að hann líti á sig sem Vestfirðing í dag og líki lífið þar.

Framkvæmdir í lágmarki

Einu gangstétta framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í Ísafjarðarbæ í sumar er áframhald hellulagnar við Pollgötu. Vegagerðin í samstarfi við Ísafjarðarbæ sér um verkið. Í fyrra hófust framkvæmdir við lóð og bílastæði Edinborgarhússins.

Ekki verður haldið áfram með þær í sumar sökum fjárskorts að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar. Áður hefur komið fram að helstu gatnaframkvæmdir í sveitarfélaginu munu vera á Þingeyri.

Veitt hefur verið heimild til að byggja íbúðir fyrir aldraða en enn er sár þörf fyrir hjúkrunarrými í Bolungarvík.

Leyfi veitt fyrir byggingu íbúða fyrir aldraða í Bolungarvík

Bæjaryfirvöld í Bolungarvík hafa veitt heimild fyrir byggingu íbúða fyrir aldraðra í bænum samkvæmt samþykktu skipulagi. Á fundi bæjarráðs var lagt fram bréf bæjarstjóra þar sem hann gefur heimild fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar að nýbyggingu við Aðalstræti 22 samkvæmt samþykktu skipulagi. Af því tilefni lagði Baldur Smári Einarsson bæjarráðsmaður fram bókun um málefni Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur þar sem hann leggur áherslu á að kannað verði hvort fyrirhuguð bygging íbúða aldraðra hafi einhver áhrif á möguleika til stækkunar sjúkrahúss Bolungarvíkur.

„Á undanförnum árum hefur verið vaxandi þörf fyrir hjúkrunarrými á sjúkrahúsi Bolungarvíkur. Er nú svo komið að hjúkrunarrýmið er fullnýtt og líkur eru á að þörfin fari enn vaxandi. Þar sem núverandi húsnæði fullnægir ekki framtíðarkröfum um aðbúnað er brýnt að bæjarstjórn Bolungarvíkur hafi frumkvæði að viðræðum við Heilbrigðisráðuneytið varðandi endurbyggingu Sjúkrahúss Bolungarvíkur. Þá verði kannað hvort fyrirhuguð bygging íbúða aldraðra á lóð norðan Árborgar hafi einhver áhrif á möguleika til stækkunar Sjúkrahúss Bolungarvíkur.“ Bæjarráðsmenn tóku allir undir bókun Baldurs. – *thelma@bb.is*

Samþykkja kjarasamning

Kjarasamningar Verkalýðsfélags Vestfirðinga voru samþykktir með miklum meirihluta í atkvæðagreiðslu félagsins. Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru eftirfarandi: Á kjörskrá voru 506. Atkvæði greiddu 225, eða 44,46%. Já sögðu 214, eða 95,2% þeirra sem greiddu atkvæði. Nei sögðu 10, 4,4%. Einn seðill var auður. Samningur Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og S.A: 118 verslunarmenn voru á kjörskrá. Atkvæði greiddu 55, eða 46,61%. Já sögðu 52, eða 94,5% þeirra sem greiddu atkvæði. Nei sögðu 3, eða 5,5%.

Samningur Samiðnar og S.A: 19 iðnaðarmenn voru á kjörskrá. 7 tóku þátt í atkvæðagreiðslunni, eða 36,84%. Já sögðu 6, eða 85,7% þeirra sem greiddu atkvæði. Einn sagði nei og hlutfallslegt vægi hans var 14,3%.

Allir þessir samningar hafa því verið samþykktir hjá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga með miklum meirihluta greiddra atkvæða. Þátttaka telst góð miðað við önnur félög. Þess ber þó að geta að kosningin var póstatkvæðagreiðsla, en það skilar allajafna betri þátttöku en kosningar á fundum.

Eftir því sem næst verður komist voru samningarnir samþykktir hjá öllum félögum í viðkomandi landssamböndum.

– *smari@bb.is*

Skipulagstillaga vegna olíubirgðastöðvar lögð fyrir bæjarstjórn

Breytingar á deiliskipulagi Mávagarðs verða lagðar fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í þessari viku. Umhverfisnefnd fór yfir tillöguna og lagði til við bæjarstjórn að hún yrði auglýst. Mávagarður hefur lengi verið sigtinu sem ákjósanleg staðsetning fyrir olíubirgðastöð. Siglingastofnun býður út verkið sem felst í gerð 60 metra stálþilsbryggju á 9 metra dýpi og lagnir og þekju fyrir 1.400 fermetra svæði en Ísafjarðarbær er verkkaupi.

Jóhann Birkir Helgason bæjartæknifræðingur segir að verkið muni fara langt með að klárast í sumar en einhver frágangsvinna muni verða á næsta ári. Framtíðarstaðsetning fyrir olíubirgðastöð hefur verið í umræðunni í nokkur ár en málið komst á fullan skrið þegar olíufélögin sóttu eftir stækkun á lóð sinni við Suðurgötu upp á 1.130 fermetra.

Vinnuhópur um framtíðarstaðsetningu lauk starfi sínu í apríl í fyrra, eftir að skýrsla sem unnin var fyrir hópinn af VST var tilbúin. Í úttekt VST var farið yfir kosti og galla þeirra þriggja staða sem til greina komu, en það voru auk Mávagarðsins, við Sundahöfn og núverandi staðsetning við Suðurgötu.

Um kosti þess að vera með olíubirgðastöð við Mávagarð segir:

1) Lóðin við Suðurgötu losnar og hægt verður að nýta hana undir aðra starfsemi, t.d. svipaða og er umhverfis eða íbúðabyggð. Þá kemur fram að orkustöð Orkubús Vestfjarða, sem er hinum megin við götuna frá núverandi staðsetningu, takmarki nýtingu lóðarinnar vegna hávaðamengunar.

2) Ekki þykir líklegt að byggð muni þrengja að birgðastöðinni við Mávagarð í náinni framtíð.

3) Mögulegt verði að skilja að löndun fisks og löndun og afgreiðslu á olíu.

4) Í nýrri stöð skapist möguleiki til að afgreiða olíu beint úr birgðageymum stöðvarinnar og þá mögulega á lægra verði og fljótar en með núverandi fyrirkomulagi, sem er afgreiðsla úr bílum.

5) Birgðastöð á þessum sé í nægilegri fjarlægð frá stórum byggingum og ekki líklegt að byggð muni nálgast hana í náinni framtíð. – *smari@bb.is*

Páskar á
kaffi Edinborg

Dagskrá:

Miðvikudagur:	Kl. 21:00 - Lifandi tónlist
Skírdagur:	Kl. 21:00 - Lifandi tónlist
Föstudagurinn langi:	Kl. 00:00 - Monitor rokkar með „Aldrei fór ég suður“
Laugardagur:	Kl. 12:00 - „Gúllassúpa og gler“ - Ólöf Davíðsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir
Páskadagur:	Kl. 00:00 - SSSól

Páskamatseðill

- Íslenskt lamb
- Nautasteik
- Fiskréttur
- Kjúklingabringa
- Rokkborgarar Að hætti „Rick Ashley“
- Úrval af kökum og eftirréttum

20 ára aldurstakmark

www.kaffiedinborg.is

„Ég vona að nám við skólann okkar verði nemendum dýrmætt veganesti hvað sem þau leggja fyrir sig í framtíðinni. Það er vissulega gaman þegar þau ná góðum árangri og skara fram úr á tónlistarsviðinu eins og mörg þeirra gera. En ósk mín til handa þessum skóla er fyrst og fremst sú, að hann sé mannbætandi, undirbúi nemendurna undir lífið á sem víðustum grunni og rækti það samfélag sem við búum í, veiti inn í það tónlist og gleði.“

Með tónlistina í blóðinu

Tónlistarskólinn á Ísafirði fagnar í ár 60 ára afmæli en hann var stofnaður árið 1948 og er einn elsti og virtasti tónlistarskóli landsins. TÍ starfar nú á fjórum stöðum á norðanverðum Vestfjörðum; á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Tónlistarskólinn hefur aldrei verið fjölmennari en nú, kominn á sitt sextugasta aldursár og námsframboð og starfsemin er fjölbreyttari en nokkru sinni í sögu skólans.

Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans hefur verið viðriðin TÍ frá fæðingu en faðir hennar Ragnar H. Ragnar var fyrsti skólastjóri hans. Hún tók við stjórnartaumunum er faðir hennar hætti störfum og hefur stýrt öflugri starfsemi skólans í nær aldarfjórðung. Bæjarins besta ræddi við Sigríði á þessum tímamótum skólans um upphafið, starfsemina og hvernig það var að alast upp í miðstöð tónlistarlífsins á Ísafirði.

–Hvert var upphaf Tónlistarskólans.

„Upphaf Tónlistarskóla Ísafjarðar á rætur að rekja allt til þess að Jónas Tómasson flutti til Ísafjarðar. Jónas stofnaði tónlistarskóla 1911 sem starfaði í sjö ár en þurfti að loka honum frostaveturinn mikla því hann hafði ekki efni á að kynda húsið. Það var alltaf tónlistaráhugi á Ísafirði. Hér bjuggu tónskáldin Jónas Tómasson og Jón Laxdal, Sigvaldi Kaldalóns bjó í Djúpinu og hér hefur kórastarf verið öflugt um áratuga skeið. Það var svo árið 1948 sem Tónlistarfélag Ísafjarðar var stofnað að frumkvæði Jónasar. Þetta var í seinni hluta maímánaðar og félagið var skipað tólf mönnum að fyrirmynd Tónlistarfélagsins í Reykjavík. Það var ekki fyrr en löngu seinna að félagið var opnað fyrir alla sem í því vildu starfa.

Síðan fór Jónas, að ráði Victors Urbancic tónlistarmanns í Reykjavík, þess á leit við Ragnar H. Ragnar föður minn, sem þá bjó í Bandaríkjunum, að hann flyttist til Ísafjarðar og gerðist tónlistarkennari. Það fer svo að pabbi flytur vestur ásamt mömmu og systur minni sem þá var tveggja ára. Þetta átti víst að vera tímabundið en þau urðu ansi mörg árin sem þau bjuggu hér og störfuðu.

Tónlistarskólinn tók til starfa í október 1948. Það voru ekki margir nemendur til að byrja með en skólinn vakti strax mikla athygli og ekki síst nýi kennarinn. Til dæmis vakti það mikla athygli þegar þurfti að koma píanóinu hans í íbúðina þeirra fyrir ofan Bókhlöðuna. Upprunalega áttu þau að vera á þriðju hæð en það gekk nú ekki upp að koma píanóinu svo hátt, svo Jónas Tómasson skipti um íbúð við þau og flutti sjálfur á þriðju hæðina. Það þurfti að smíða stórt ferlíki til að koma hljóðfærinu upp sem fór ekki framhjá bæjarbúum. Mannsöfnuður var fyrir utan þegar verið var að bisast við að koma píanóinu inn, en það var mjög stórt af ameríkskri gerð.

Þarna bjuggu foreldrar mínir fyrstu fjögur árin en fluttu síðan í Smiðjugötuna. Faðir minn var skólastjóri tónlistarskólans, en kenndi einnig söng í skólum bæjarins í fjölda ára, auk þess sem hann stjórnaði kórum, var organisti og fékkst við alls kyns tónlistarstörf. Mamma kenndi í barnaskólanum og einnig tónfræði við tónlistarskólann.

Alltaf voru heimatónleikar á sunnudögum, svokallaðar samæfingar sem frægar eru orðnar. Þá komu allir nemendur heim í stofu og bornir voru upp úr kjallaranum tugir stóla svo fólk gæti setið. Eftir samæfinguna var kaffi fyrir kennarana þar sem boðið var upp á sérstaka köku sem var kölluð samæfingarkaka. Þetta er mörgum mjög minnisstætt en okkur þótti þetta bara eðlilegt af því við höfðum vanist þessu. Krakkarnir lærðu mjög mikið á þessum æfingum, eins og að koma fram og spila fyrir aðra.

Nemendum fjölgaði mjög fljótt. Strax þótti mjög vinsælt að vera í Tónlistarskólanum enda er mjög rík hefð fyrir tónlistarnámi í bænum og skólinn er einn af fyrstu skólunum á landinu. Mig minnir að hann sé þriðji elsti skólinn. Jónas var mjög framsýnn þegar hann stóð fyrir stofnun hans.“

Líf, fjör og tónlist á heimilinu

– Hvernig var að alast upp við þessar aðstæður?

„Við þekktum ekkert annað en að tónlistin væri svona mikið inni á heimilinu og í raun gengi fyrir öllu öðru. Bæði hjá okkur krökkunum og foreldrum okkar var tónlistarlífið í forgrunni í öllu því sem við tókum okkur fyrir hendur. Kennslan fór að mestu fram á heimilinu og því æfðum við systurnar okkur yfirleitt annars staðar. Ég æfði í Brunngötu 21 en það hús hefur nú verið fært yfir í Tangagötu. Þar bjó kona sem hét Sigríður og rak verslunina Dagsbrún. Hjá henni var ráðskona að nafni Veiga sem færði mér mjólk og smákökur á meðan ég æfði mig. Þetta var ósköp notalegt og mikil næðisstund, en heima var oftast mikill erill. En það var líka mjög skemmtilegt að hafa svona mikið líf á heimilinu. Pabbi og mamma voru bæði mjög félagslynd og það var mikill gestagangur og stundum skemmtilegar veislur á heimilinu sem við krakkarnir fengum að fylgjast með úr fjarlægð. Við kynntumst þá líka mörgu tónlistarfólki sem kom hér á þeirra vegum. Heima voru líka haldnar kóræfingar, kvartettæfingar, fundir og fleira, þannig að húsið var oftast fullt af fólki.

Pabbi var mikill áhugamaður um bókmenntir og sögu sem hafði mikil áhrif á okkur systkinin ekki síður en tónlistin. Einnig hafði hann mikinn áhuga á þjóðfélagsmálum og hafði sterkar skoðanir á því sem var í gangi á hverjum tíma. Pabbi hafði nú gaman af því að fá fólk upp á móti sér og fannst skemmtilegra að ræða við fólk sem var ekki sammála honum í einu og öllu,“ segir Sigríður og hlær að minningunni. „Hann gat því látist skipta um skoðun eftir því við hvern hann var að tala til að ná fram skemmtilegum umræðum.

Það er ekki hægt að segja annað en þetta hafi verið mjög skemmtilegt heimili til að alast upp.“

– Tónlistin hefur fylgt ykkur systkinunum allar götu síðan

„Jú við störfum öll við tónlist þó svo að ég hafi lengi vel ekki ætlað að fara út í þann geira. Ég erfði áhuga föður míns á bókmenntum og sögu og ætlaði á tímabili að verða fornleifafræðingur. Ég var að stúdera klassísk tungumál eins og forngrísku og latínu og hafði mikinn áhuga á því en einhvern veginn endaði þetta alltaf í músíkinni. Svo æxlaðist það þannig að ég tók við stjórntaumunum Tónlistarskólanum af föður mínum. Það var farið fram á það við mig þegar pabbi hætti. Ég ákvað að gera það til að brúa ákveðið bil en það var ljóst að það yrði mjög erfitt fyrir einhvern utanaðkomandi að koma inn í þetta starf. Það var mikið kennt heima í Smiðjugötu en þar sem skólinn hafði stækkað og kennurum fjölgað fór kennslan fram víðs vegar í bænum því að skólinn var í rauninni húsnæðislaus. Ég ákvað því að koma inn í þetta tímabundið og hef verið hér í 24 ár,“ segir Sigríður og hlær.

– Og hefurðu aldrei litið til baka?

„Nei í rauninni ekki. Auðvitað hefur það komið fyrir eins og hjá öllum að maður velti því fyrir sér hvað hefði orðið hefði ég gert þetta svona en ekki hinsegin. En ég hef átt mjög auðugt og skemmtilegt líf í þessu starfi.“

Jákvæð áhrif tónlistaruppeldis

– Nú virðist sem margir af þekktustu tónlistarmönnum landsins hafi stigið sín fyrst skref í Tónlistarskólanum á Ísafirði.

„Já, það er rétt. Héðan komu t.d. mjög margir píanóleikarar, sem vakti snemma mikla athygli á skólanum. Faðir minn kom með nýjar kennsluaðferðir frá Bandaríkjunum sem þekktust ekki á Íslandi á þessum tíma og vöktu nemendur mjög mikla athygli þegar þeir komu til Reykjavíkur. Til dæmis var systur mín fengin til að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands aðeins 16 ára gömul. Á þeim tíma var það einsdæmi að svo ungur listamaður gerði slíkt.

Mjög margir nemendur skólans hafa starfað við tónlist að loknu námi í TÍ í hinum ýmsu geirum tónlistar. Sem dæmi má taka að nokkrir skólastjórar í Reykjavík lærðu hjá pabba og ef til vill smitast af skólastjórabakteríunni hér, eins og Vilbert Viggósson og Edda Borg Ólafsdóttir sem bæði reka skóla í höfuðborginni og svo auðvitað Hjálmar bróðir minn sem stýrir Listaháskóla Íslands Svo eru náttúrlega margir starfandi tónlistarmenn á hinum ýmsu sviðum sem hafa lært hér.

Þó það sé stór hópur sem hefur gert tónlistina að atvinnu sinni þá vona ég og trúi að tónlistarnámið hafi einnig gagnast þeim sem ekki fóru þá leið. Vonandi hafa þau lært að njóta tónlistar og eins held ég að gott tónlistaruppeldi hafi jákvæð áhrif á einstaklinginn. Eins og reyndar allt listnám getur það styrkt sjálfsmyndina og dregið fram hæfileika sem annars væru leyndir. Það þarf mikinn aga og einbeitingu til að ná árangri. Tónlistarnámið snýst í rauninni um að sameina aga og sköpun. Námið krefst erfiðra æfinga og stundum leiðinlegra, en árangurinn og ánægjan er engin ef aginn er ekki fyrir hendi.. Þá kallar námið á leik hugans og virkjun ímyndunaraflsins eða sköpunargáfunnar, hverju nafni sem menn vilja kalla það. Tónlistarnámið þjálfar fólk einnig í að spila með öðrum og koma fram og lögð mikil áhersla á það í skólanum. Þetta getur nýst í öðrum sviðum lífsins eins og t.d. þegar fólk þarf að standa upp í ræðustól. Það er mikið talað um nýsköpun í okkar samfélagi, en hún verður ekki til úr engu. Það er nauðsynlegt að menn fái allt frá unga aldri hvatningu og örvun í skapandi hugsun og leik.

Í nútímasamfélaginu er lögð mikil áhersla á líkamsrækt og að menn verði að vera í góðu formi. Það er hins vegar ekki síður mikilvægt að vera í góðu formi andlega, og hugarrækt og hugarþjálfun er ekki síður mikilvægur þáttur bæði fyrir unga og aldna. Það þarf kannski ekki síður að hreyfa heilasellurnar en upphandleggsvöðvana.“

Tónlistin ríkjandi í fjölskyldunni

– Tónlistin hefur verið viðloðandi þína fjölskyldu alla tíð og þú giftist tónskáldinu Jónasi Tómassyni, hefur þetta skilað sér til barnanna þinna?

„Jú ég á þrjú börn sem öll hafa lært tónlist en bara eitt þeirra ætlar að gera það að ævistarfi sínu. Ragnar Torfi, elsti sonur minn er tölvuverkfræðingur en hann er giftur píanóleikaranum Tinnu Þorsteinsdóttur sem er listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið. Herdís Anna er í óperusöngnámi úti í Berlín og yngsti sonur minn Tómas Árni er nú að læra eðlisfræði og hugbúnaðarfræði við Háskóla Íslands. Þeir bræður voru reyndar báðir mjög efnilegir píanóleikarar en völdu að fara aðra leið.

Svo er tónlistin mjög ríkjandi í fjölskyldu mannsins míns. Systir hans er píanóleikari og bróðir hans er einnig tónskáld.“

Þetta er þannig oft með fjölskyldur og ekki bara með tónlist. Það má sjá fjölskyldur þar sem allir eru í leiklist eða læknafjölskyldur og svo mætti áfram telja.

– Er tónlistin í genunum eða er þetta uppeldislegt?

„Ætli það sé hvort tveggja að einhverju leyti. Auðvitað er mismunandi hvað fólk hefur mikla næmi fyrir músík og ef aldrei er lögð rækt við það kemur það kannski aldrei í ljós. En ef hún er til staðar og uppeldið stuðlar að ná því fram er mjög eðlilegt að það náist árangur í tónlistinni.“

Blómaskeið í skólanum

„Segja má að saga skólans skiptist í nokkur skeið. Fyrstu árin voru held ég erfið, en smám saman jókst skilningur almennings. Mesta áherslan var á píanókennsluna og margir góðir píanistar voru í skólanum. Þegar Menntaskólinn tók til starfa voru nemendur lengur í skólanum og námsframboðið varð fjölbreyttara. Nemendum fjölgaði líka og kennslan barst víða um bæinn, m.a. var kennt í Menntaskólanum, sem var mikil framför. Þá hefst líka baráttan fyrir húsnæði fyrir alvöru. Það verða síðan mikil tímamót þegar skólinn fær húsnæði Húsmæðraskólans Óskar til afnota. Til að byrja með fengum við hluta hússins árið 1986, en síðan þegar við fengum til fullrar eignar árið 1998 og tónleikasalurinn er byggður byrjar nýtt blómaskeið að mínu mati. Síðustu 15 árin hefur ríkt mikill stöðugleiki í kennaraliðinu, en nú erum við með 20 kennara, íslenska jafnt sem erlenda. Skólinn hefur verið svo lánsamur að fá til starfa góða, hæfileikaríka, vel menntaða og metnaðarfulla kennara, sem bera hag skólans og bæjarfélagsins fyrir brjósti. Á undanförnum árum hafa margir nemendur farið í framhaldsnám í tónlist við Listaháskólann eða Tónlistarskóla FÍH og spennandi verður að vita hvort einhverjir þeirra muni síðar koma til starfa hjá okkur. Námsframboðið breyttist líka með betra húsnæði og allt auðveldaðist.

„Tónlistarheimurinn hefur líka tekið miklum stakkaskiptum á síðustu áratugum. Hinir háu múrar milli ólíkra tónlistargreina, s.s. klassíkur, djass og popps, sem lengi virtust ókleifir, hafa hrunið til grunna. Það fer ekki framhjá neinum að þáttur dægurtónlistar í menningunni hefur stóreflst og að hún hefur verið viðurkennd sem listgrein. Og allir tónlistarmenn, í hvaða geira tónlistar sem þeir starfa, sækjast eftir tónlistarmenntun og hún er orðin algjör forsenda þess að menn nái langt og nái árangri.“

Ég held að sjálfsvirðing okkar hafi aukist mikið við þetta. Það er mikilvægt fyrir stofnun að njóta virðingar samborgara sinna og ekki síður að starfsandinn einkennist af sjálfstrausti og metnaði. Mér finnst það hafa tekist vel síðustu árin.

Með árunum og nýjum kennurum hafa bæst nýjar greinar við námið eins og til að mynda gítar, rafgítar og trommur sem eru vinsælar greinar í dag. Þetta hefur stuðlað að fjölgun stráka meðal nemenda og jafnar kynjahlutföllin í skólanum sem er mjög ánægjulegt. Ég held raunar að það þurfi að styðja sérstaklega við unglingsstráka og ég myndi vilja sjá miklu fleiri í skólanum en því miður þá höfum við ekki tök á því að bæta við nemendum nú.

Faðir minn yrði sennilega ekkert voðalega hrifinn af þessum nýjungum,“ segir Sigríður og hlær dátt. „Hans tónlistarsmekkur var háklassískur og popp og djass voru ekki af hinu góða í hans huga. En mér finnst okkur hafa tekist að halda áfram starfinu í hans anda og við bjóðum upp á þetta allt. Allt frá háklassík út í popp. En við reynum eftir fremsta megni að gera allt sem við tökum okkur fyrir hendur með ákveðnum gæðastimpli og metnaði. Sama hvaða grein er verið að kenna eru ákveðnar kröfur gerðar. Tónlistarheimurinn hefur líka tekið miklum stakkaskiptum á síðustu áratugum. Hinir háu múrar milli ólíkra tónlistargreina, s.s. klassíkur, djass og popps, sem lengi virtust ókleifir, hafa hrunið til grunna. Það fer ekki framhjá neinum að þáttur dægurtónlistar í menningunni hefur stóreflst og að hún hefur verið viðurkennd sem listgrein. Og allir tónlistarmenn, í hvaða geira tónlistar sem þeir starfa, sækjast eftir tónlistarmenntun og hún er orðin algjör forsenda þess að menn nái langt og nái árangri.

Skólinn okkar hefur lagt sig fram að fylgja tíðarandanum að þessu leyti án þess að slaka á námskröfum og ég held að ég geti með sanni sagt að okkur hafi tekist bærilega. Ekki er að efa að velgengni ísfirskra popptónlistarmanna á síðustu árum eigi að mörgu leyti rætur sínar að rekja til náms þeirra við skólann.“

Tónlistin þáttur af samfélaginu

– Hvenær byrjaði skólinn að færa út kvíarnar og útibú að koma upp í nágrannabyggðunum?

„Kennsla í Súðavík byrjaði haustið 1988 eftir að konur í Súðavík höfðu farið fram á að við sendum kennara í þorpið. Fyrsta veturinn var bara kennt einu sinni í viku en síðan þróaðist það smám saman og við sendum þangað tvo kennara til að kenna á ýmis hljóðfæri auk tónmenntar. Í fyrra létum við skólann af hendi til Súðavíkurhrepps sem nú sér alfarið um tónlistarkennsluna þar.

Sumarið 1995 óskuðu Súgfirðingar eftir því að við tækjum að okkur tónlistarkennsluna þar og síðar tókum við að okkur kennsluna á Flateyri og Þingeyri að ósk bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að við sæjum um kennslu þar.“

– Þið eruð í samstarfi við Grunnskólann á Ísafirði, er það einsdæmi?

„Nei samstarf við grunnskóla finnst mjög víða og sérstaklega á landsbyggðinni. Það er verið að fara af stað með svona tilraunir í Reykjavík en það er erfiðara viðfangs þar. En sem betur fer eru grunnskólarnir farnir að sýna meiri skilning á því hvað tónlistarnám er mikilvægt.

Við fáum til okkar tvo bekki í kennslu. 4. bekkur kemur í blásarakennslu og 5. bekkur í tónmennt. Því miður fá ekki allir nemendur grunnskólans þá tónmennt sem skyldi. Að mínu mati þyrfti að vera miklu meiri áhersla lögð á tónlist innan grunnskólans. En það er mjög erfitt að fá kennara til að taka að sér kennslu sem er erfið og krefjandi. Það eru tónmenntakennarar til staðar sem starfa við aðra hluti. Sem dæmi má nefna Margréti Geirsdóttur, forstöðumann Skóla- og fjölskylduskrifstofunnar og forvera hennar Ingibjörg Maríu Guðmundsdóttur. Skólastjóri GÍ, Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, er einnig menntuð sem tónmenntakennari.

Við höfum einnig verið í góðu samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði frá stofnun hans. Jón Baldvin Hannibalsson, fyrsti skólameistarinn, hafði strax mikinn áhuga á samstarfi við okkur og nemendur fengu alveg frá upphafi að hafa tónlistarnám sem valgrein innan Menntaskólans. Það skiptir mjög miklu máli að nemendur fái metið tónlistarnám sitt sem einingar. Ég er ekki frá því að margir efnilegir tónlistarmenn hafi annars ekki verið hér við nám heldur farið eitthvert annað í skóla.

Við höfum verið í samstarfi við ýmsar stofnanir í samfélaginu, þar má nefna alls kyns félagasamtök, kirkjuna, eldri borgara og Litla leikklúbbinn en við höfum tvisvar sett upp stórar söngleikjasýningar í samstarfi við hann. Síðan höfum við undanfarin ár verið í samstarfi við Listaháskóla Íslands og fengið til okkar nemendur þaðan í heimsókn í nokkra daga. Það eru fjölmörg verkefni sem skólinn stendur að sem gera starfið skemmtilegt og lifandi.“

– Tónlistarskólinn er mjög mikill þáttur af samfélaginu.

„Já við reynum að vera virk í samfélaginu og það er skólanum mjög mikilvægt. Ég held að sterk tengsl tónlistarskóla við samfélög sín eru algengari á landsbyggðinni en í borginni vegna nálægðar og smæðarinnar.“

Afmælistónleikar og heiðbundnir viðburðir

– Hvað verður síðan gert til þess að fagna afmælisárinu?

„Við byrjuðum í janúar á glæsilegum hátíðartónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem vestfirskir listamenn, tónskáld, einleikari, einsöngvari og hundrað manna kór frá Ísafirði stóðu sig frábærlega. Það var okkur einnig mikils virði að Sinfóníuhljómsveitin skyldi leika fyrir öll grunnskólabörn á svæðinu auk hluta leikskólabarna. Tónleikarnir voru gríðarleg upplifun og þótt ekkert annað yrði á afmælisárinu þá yrði ég sátt því þetta voru stórkostlegir tónleikar.

Svo ætlum við að halda tónleika nú um páskana sem segja má að verði smá forleikur að Aldrei fór ég suður. Á föstudaginn langa ætlum við að vera með örútgáfu af Jóhannesarpassíunni eftir Johann Sebastian Bach í Ísafjarðarkirkju. Þar mun lítil kammersveit og sönghópur flytja valda þætti. Kammersveitina skipa nokkrir nemendur og kennarar Tónlistarskóla Ísafjarðar ásamt tónlistarnemum úr Listaháskóla Íslands sem tengjast Ísafirði en sönghópurinn er skipaður nemendum skólans. Við erum að undirbúa ýmislegt fyrir haustið en það er best að segja sem minnst um það á þessu stigi málsins.

Tónlistarfélag Ísafjarðar fagnar einnig 60 ára afmæli í ár og stendur fyrir veglegri dagskrá. Félagið hefur að sjálfsögðu verið með okkur í þessum stóru verkefnum, eins og komu Sinfóníunnar og félagið kemur að tónleikunum um páskana. Að auki verða margir skemmtilegir og metnaðarfullir tónleikar á vegum félagsins á þessu ári.

Á afmælisárinu verða að sjálfsögðu árvissir viðburðir á sínum stað, eins og til að mynda miðsvetrartónleikarnir eða Tónlistarhátíð æskunnar eins og við köllum hana. En eins munum við gera okkur daga-

mun með sérstökum uppákomum.“

–Tónlistarfélagið hefur verið mjög öflugt í að fá þekkta listamenn vestur að spila

„Jú það hefur verið mikill metnaður hjá félaginu að fá góða listamenn á svæðið og eins hafa flestir tónlistarmenn sem hingað koma verið mjög ánægðir. Þeim finnst gaman að koma, þeir fá góðar og hlýjar móttökur auk þess sem Ísfirðingar hlusta vel. Svo er mjög góður hljómburður í tónleikasalnum Hömrum. Fólk er því vanalega mjög fúst til þess að koma til Ísafjarðar að spila.“

– Hamrar er eitt af þremur menningarhúsum Ísafjarðar, var hann byggður sérstaklega með hljómburðinn í huga?

„Hamrar er eitt af menningarhúsunum ásamt Edinborgarhúsinu og Safnahúsinu. Arkitektinn var Vilhjálmur Hjálmarsson en hann fékk í lið með sér Stefán Einarsson hljómburðarfræðing sem meðal annars vann að tónlistarhúsinu í Kópavogi. Það er alveg einstaklega fallegur hljómburður í salnum sem hentar t.d. einstaklega vel fyrir kammertónlist og söng.“

– Eitthvað að lokum?

„Ég vona að nám við skólann okkar verði nemendum dýrmætt veganesti hvað sem þau leggja fyrir sig í framtíðinni. Það er vissulega gaman þegar þau ná góðum árangri og skara fram úr á tónlistarsviðinu eins og mörg þeirra gera. En ósk mín til handa þessum skóla er fyrst og fremst sú, að hann sé mannbætandi, undirbúi nemendurna undir lífið á sem víðustum grunni og rækti það samfélag sem við búum í, veiti inn í það tónlist og gleði.

Okkur sem að skólanum stöndum ber að leitast við að halda skólanum síungum, leita sífellt nýrra leiða til að ná til nemendanna, og vekja með þeim áhuga og ást á tónlist. Okkar bíða mörg krefjandi og skemmtileg verkefni, áskoranir sem gaman verður að kljást við. En kannski er stærsta og erfiðasta verkefnið að vinna að því að efla sköpunarþáttinn í kennslunni, setja ræktun hins skapandi hugar í fyrirrúm með ráðum og dáð og leggja þar með okkar lóð á vogarskálar fyrir bættu samfélagi.

Auk þess sem listiðkun hvers konar stuðlar að fegurra og betra mannlífi þá getur hún einmitt á þann hátt falið í sér leiðir til að gera fólk meira skapandi og hugmyndaríkara, sem aftur getur leitt til nýrra og óvæntra lausna og tækifæra á öllum sviðum mannlífsins.

Mig langar líka að koma á framfæri þakklæti til Ísfirðinga og annarra Vestfirðinga fyrir það hversu hliðhollir þeir hafa verið skólanum og sýnt starfi hans mikinn áhuga. Þeir eru einstaklega duglegir að sækja viðburði og styðja við skólann á ýmsan hátt og velvilji þeirra í garð skólans er alveg sérstakur. Það er okkur í skólanum mikils virði“, segir Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri TÍ við góðan orðstír í aldarfjórðung.

– thelma@bb.is

Eina dagmamman að hætta

Starfshópur sem skipaður var vegna framtíðar leikskólamála í Bolungarvík hefur lagt til að sett verði á laggirnar til skamms tíma, deild á Glaðheimum fyrir yngri börn en 24 mánaða, til að bregðast við því að eina starfandi dagmóðirin í sveitarfélaginu hættir starfsemi 1. júní. Á bæjarráðsfundi var bæjarstjóra falið að ræða þennan möguleika við starfsfólk leikskólans í nánu samráði við starfshópinn. Þess má geta að starfshópurinn mun skila greinargerð er snýr að framtíð alls leikskólans fyrir 1. apríl. Þar verður reynslan af flutningi á elsta árgangi leikskólans í Lambhaga vegin og metin.

Vonbrigði með flutning

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lýst yfir vonbrigðum með þá ákvörðun forstjóra Fasteignamats ríkisins að loka umdæmisskrifstofu fyrirtækisins í Borgarnesi og flytja starfsemina til Reykjavíkur. „Hér virðist ekki vera um ákvörðun sem hefur með hagræðingu að gera og virðist heldur ekki vera til þess fallin að bæta þjónustu við íbúa á svæðinu. Þá er þessi ákvörðun er ekki í samræmi við yfirlýsingar stjórnvalda um flutning opinberra starfa á landsbyggðina og metnaðarfullar yfirlýsingar um störf án staðsetningar“, segir í fundarbókun bæjarráðs.

Þýðir ekkert að gefast upp

Í nóvember á síðasta ári var undirritaður samningur milli Ísafjarðarbæjar og hins nýstofnaða ráðgjafafyrirtækis Alsýnar um átak til atvinnusköpunar í Ísafjarðarbæ. Félagið er í eigu Ólafs Arnars Ingólfssonar, Einars Á. Hrafnssonar, Sigmundar R. Guðnasonar og Steinþórs Bragasonar, sem er jafnframt framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Samkvæmt samningnum setur Alsýn sér það markmið að skapa eða finna 50 störf á næstu tveimur árum. Steinþór Bragason telur samt sem áður að lágmarksfjöldi nýrra starfa þurfi að vera 100 til að halda uppi því þjónustustigi sem þarf á svæðinu. Bæjarins besta ákvað að taka Steinþór tali og spyrja hann út í það í hverju nákvæmlega vinnan felst.

Þarf oft lítið til að ýta fólki af stað

– Nú eru margir sem átta sig ekki fyllilega á því í hverju dagleg starfsemi Alsýnar er fólgin. Geturðu lýst fyrir mér hvað gert er á dæmigerðum vinnudegi?

„Við eigum samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ að vinna 30 tíma í viku. Við erum fjórir og skiptum með okkur verkum, og vinnum þá að lágmarki 7,5 tíma hver. Vinnan hjá okkur hefur aðallega falist í því að taka stöðuna, sjá hvað er í gangi, og hjálpa fólki að sjá möguleikana í eigin hugmyndum. Hvernig eigi að útfæra þær, hvernig á að koma þeim af stað, hvað þarf að uppfylla og hreinlega hvort dæmið gangi upp eða ekki.

Það er svolítið erfitt að útskýra nákvæmlega hvað maður gerir, því ég er að vinna í mörgum verkefnum sem þola ekki dagsljósið enn sem komið er. Oft eru eins og gefur að skilja miklir hagsmunir í húfi og mögulegt einkaleyfi jafnvel í spilinu.

Það kemur oft til okkar fólk sem er með einhverjar hugmyndir en veit ekkert hvar það á að byrja. Til að mynda kom til mín fólk um daginn sem hafði gengið með ákveðna hugmynd í maganum í 2-3 ár. Oft þarf svo lítið til að ýta svoleiðis fólki af stað.

Oft þarf ekkert svo mikla peninga til að koma verkefnunum af stað. Yfirleitt er hægt að vinna það að miklu leyti sjálfur og verkefnið er kannski ekki eins erfitt og fólk heldur.“

Tæknisinnaðir menn

– Þín vinna gengur þá kannski að einhverju leyti út á að telja kjark í fólk sem býr yfir ágætis hugmyndum sem það hefur ekki þorað að hrinda í framkvæmd?

„Já, oft er það þannig. Svo kemur kannski í ljós að einhverjir fleiri eru að vinna í sama eða svipuðu verkefni og þá getum við komið þessu fólki í samband hvert við annað.“

– Nú spyrja einhverjir sig hver sé eiginlega munurinn á ykkur og Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og fleiri slíkum aðilum?

„Í grunninn séð erum við eiginlega að vinna að því sama. Þó er munurinn sá að við erum meira í því að koma með tæknilegar lausnir á verkefnunum, enda erum við allir frekar tæknisinnaðir menn. Við getum bent fólki á hvers konar vinnslulínur koma til greina og við eigum auðvelt með að segja fólki hvað þarf að gera.

Einnig getum við komið með tæknilegar ábendingar að smávægilegum breytingum ef þær eru hagkvæmar.“

Vantar ýmislegt í grunnbygginguna

– En þið eruð talsvert að vinna með Atvinnuþróunarfélaginu og Impru og fleirum, er það ekki?

„Jú, við gerum það að sjálfsögðu, enda erum við öll að vinna að sama markmiðinu. Að skapa fleiri störf í bænum. Ef öll þau verkefni sem verið er að vinna að í dag yrðu að veruleika erum við að tala um alls 250 ný störf.

Vandamál okkar hérna fyrir vestan er að það vantar svo mikið í grunnbygginguna, það verður bara að viðurkennast. Samgöngur eru stór hluti af því vandamáli. Oft kemst maður ekki suður þegar maður þarf þess, sérstaklega yfir vetrartímann, eða getur ekki fengið menn til sín.

Svo höfum við gjörsamlega orðið útundan í útdeilingu opinberra starfa. Þrátt fyrir alls konar fyrirheit er staðreyndin sú að við erum með langfæstu opinberu störfin á landinu miðað við aukningu seinustu ára.“

Verðum að fá fjármagn inn á svæðið

– Er það þá ykkar hlutverk að minna þingmenn og ráðherra á hin fögru fyrirheit og sjá til þess að þeir standi við þau?

„Alls staðar þar sem við sjáum einhver tækifæri, þar sækjum við fram. Það er ekkert flóknara.

Við þurfum að setja okkur einhver heildarmarkmið fyrir allt svæðið, hvað á að gera. Það hefur verið rosalega mikil gróska í ferðaþjónustunni og við þurfum að ákveða hluti eins og hvað við eigum að gera við Hornstrandir. Eigum við að þróa þær eitthvað frekar eða viljum við hafa þetta svona hrátt. Það væri miklu auðveldara fyrir þá sem ætla sér að vinna í ferðaþjónustu ef þeir fengju að vita við hverju má búast í framtíðinni.

Steinþór Bragason.

Vandamálið er að sjálfsögðu að ferðaþjónustan er ekki heilsársvinna, nema fyrir mjög fáa. Og staðreyndin er sú að störfum fækkar miklu hraðar í gömlu greinunum en þau aukast í hinum nýju. Þannig fækkaði um 44 störf í sjávarútvegi á síðasta ári. Á sama tíma voru búin til 12 ný störf. Þetta hefur því miður verið raunin allt of lengi, fyrir hvert nýtt starf sem er búið til, hverfa 3 önnur. Hvað er það annað en eyðing?

Þau störf sem við þurfum að búa til þurfa að vera í framleiðslu að stórum hluta, við verðum að fá fjármagn inn á svæðið.“

Óvíst hver þróunin verður

„Það er erfitt að segja fyrir um hver þróunin verður. Það er fullt af spennandi hlutum í gangi, en mér hefur fundist áhugi opinberra aðila vera mjög lítill, vægt til orða tekið. Ég vil fá að vita sem allra fyrst hvort það sé á annað borð einhver vilji til að halda Vestfjörðum í byggð. Ég er ekki að biðja um neina ölmusu, heldur bara einhvern smá áhuga á að hér sé byggð.

Það virðast allir á suðvesturhorninu halda að hér sé alltaf verið að vinna í vegagerð og að alltaf verið að koma á fót nýjum opinberum störfum. Það er bara algjör misskilningur. Það er alltaf verið að tala um það og lofa, það er rétt, en ef þú skoðar tölurnar þá sérðu að það hefur sama og ekkert verið gert.

Gott dæmi er Ísafjarðarradíó sem fór héðan til Reykjavíkur og Ársreikningaskrá sem var reynt að fá hingað vestur þegar sú stofnun var sett á laggirnar. Ársreikningaskrá telur núna um 5-10 störf. Forsætisráðherra sagði að þetta yrði að vera í Reykjavík, og enginn spurði hvers vegna, heldur lögðu menn niður skottið og gáfust upp.“

Áhuginn sama og ekki neinn

– Og svo þegar er skapað eitt nýtt starf fyrir vestan er það gert með þvílíkum borðaklippingum og látum að allur heimurinn tekur eftir því?

„Já, það þarf eitthvað svoleiðis til og þess vegna virðast allir halda að hér sé ríkið alltaf að gera eitthvað. En um leið og ríkið gefur eitt starf með annarri hendinni stelur það til baka með hinni. Áhuginn hefur verið sama og ekki neinn. Og þegar hið opinbera hefur ekki áhuga á svæðinu, hvernig er hægt að ætlast til þess að einkaaðilar hafi hann? Þeir þurfa að sjálfsögðu að sjá áþreifanlegan fjárhagsávinning af því að hafa starfsemi á svæðinu.“

– Myndirðu ganga svo langt að segja að það væri neyðarástand í atvinnumálum?

„Það má segja það, því miður. Við verðum að fá eitthvað í staðinn fyrir það sem við höfum tapað, og það strax. En það þýðir ekkert að gefast upp. Við höfum fullt af möguleikum, við þurfum bara að nýta þá, og fá fjarmagn til að koma þeim af stað.“

– halfdan@bb.is

Færir lögreglunni 13 Tetrastöðvar

Björn Bjarnason ráðherra hefur fært lögreglunni á Vestfjörðum 13 tetrastöðvar og mun hver og einn lögreglumaður framvegis hafa eigin tetrastöð til afnota. „Mikill fengur er í þessari rausnarlegu gjöf ráðherrans og skiptir hún miklu máli bæði fyrir lögregluna og íbúa fjórðungsins, en eins og kunnugt er hafa verið settir upp tetrasendar víðs vegar á Vestfjörðum og er því samband við fjarskiptamiðstöð víða orðið mjög gott. Gjöf ráðherra kemur í kjölfar heimsóknar hans til Ísafjarðar í febrúar s.l. en þá heimsótti hann m.a. sýslumanninn á Ísafirði og lögregluna. Birni Bjarnasyni, dómsmálaráðherra eru sendar þakkir fyrir rausnarlega og góða gjöf," segir í frétt frá lögreglunni.

Heilbrigðisstofnanir sameinaðar til að skapa sterkari rekstrareiningar

Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, hefur ákveðið að styrkja heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni með því að ráðast í sameiningu heilbrigðisstofnana á fjórum svæðum á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi. „Markmiðið með þessum aðgerðum er að auka og styrkja þjónustu við íbúana, nýta betur þekkingu fagfólks og skapa sterkari rekstrareiningar. Sameiningin skapar sömuleiðis möguleika á því að auka nærþjónustu við íbúana, t.d. með reglubundnum komum sérfræðilækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna til hinna ýmsu starfsstöðva á viðkomandi svæðum", segir í frétt á vef heilbrigðisráðuneytisins.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ.

Heilbrigðisráðherra hefur falið embættismönnum ráðuneytisins að vinna að sameiningunni í náinni samvinnu við heimamenn á næstu mánuðum. Fulltrúar ráðuneytisins munu á næstu vikum heimsækja og funda með fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga, forsvarsmönnum stofnana, fagfólki og fleirum.

Stefnt er að því að tillögur um framkvæmd sameininganna liggi fyrir í byrjun júní og að þær verði að fullu komnar til framkvæmda um næstu áramót. Af þessu tilefni var haldinn fundur með forstöðumönnum viðkomandi heilbrigðisstofnana á föstudag um hvernig best væri að standa að sameiningunum.

Gönguskíðaferð um friðland Hornstranda

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar bjóða upp á gönguskíðaferð um friðland Hornstranda á föstudaginn langa. Er þetta í þriðja sinn sem boðið er upp á ferðina í tengslum við Skíðavikuna á Ísafirði en þess má geta að færri komust að en vildu á síðasta ári. Jón Björnsson, íþrótta- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar, verður leiðsögumaður í ferðinni, en eins og margir vita er hann öllum hnútum kunnugur á svæðinu.

Ferðafólkið fer með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar frá Ísafirði norður í Aðalvík þar sem gengið verður frá Látrum að Hesteyri. Segja kunnugir að með þessari ferð sé að einhverju leyti verið að endurvekja gamlar hefðir Skíðavikunnar, en á árum áður snerist hún að mestu um skíðagöngu.

Lagt verður af stað frá Ísafjarðarhöfn stundvíslega kl. 10:00 og áætluð er að komið verði til baka til Ísafjarðar um klukkan 18. Þátttakendur skulu taka með sér nesti.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina þar sem sætaframboð er takmarkað. Verð: 4.300 krónur en 2.700 krónur fyrir börn.

Bókanir og upplýsingar í síma 456-3879 og 892-4879.

– thelma@bb.is

Fangelsi fyrir fjársvik

Karlmaður hefur sakfelldur fyrir fjársvik og skjalafals fyrir Héraðsdómi Vestfjarða og dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi en fullnustu refsingar var frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var ákærði jafnframt dæmdur til greiðslu skaðabóta. Manninum var gert að sök að hafa í júlí 2003 svikið út tölvu og tölvubúnað að andvirði 176.260 krónum í versluninni Hugver ehf., í Reykjavík með því að panta vöruna símleiðis frá Ísafirði og láta skuldfæra andvirði vörunnar heimildarlaust á greiðslukortareikning annars manns. Þá var hann einnig sakaður um skjalafals með því að hafa í sama mánuði falsað beiðni um úttekt á vöru og þjónustu frá Ísafjarðarbæ og afhent versluninni Bónus á Ísafirði, þannig að beiðnin sýndi hærri úttektarheimild en rétt var, í því skyni að fá afhentar vörur að hærra andvirði en honum bar. Nam fjárhæðin sem ákærði sveik með þessum hætti 9.875 krónur.

Einnig var hann ákærður um að hafa heimildarlaust notað greiðslukortanúmer annars manns til kaupa á stafrænni myndavél í versluninni Straumi á Ísafirði að andvirði 47.900 krónur í ágúst 2003.

Í dómsorði kom fram að ákærði á nokkurn sakaferil að baki sem samanstendur einna helst af fjársvikum og skjalafalsi. Þótti dómnum því hæfilegt að refsing hans yrði fjögurra mánaða fangelsi en að virtum drætti þeim sem varð á meðferð málsins hjá ákæruvaldinu og dómnum, þótti rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og að hún skuli falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð. Ákærði ber bótaábyrgð á því tjóni sem af brotum hans hlaust.

– thelma@bb.is

Ert þú með?

Í byrjun hvers mánaðar hittist lítill hópur fólks sem hefur áhuga á hinum margvíslegu hliðum heilsueflingar. Þetta eru óformleg grasrótarsamtök fólks sem vinnur að sínum hugarefnum undir heitinu Heilsuefling í Ísafjarðarbæ. Öllum er frjálst að mæta á þessa fundi okkar, hvort sem er til að vinna að ákveðnum verkefnum með okkur eða til að koma á framfæri góðum hugmyndum eða ábendingum um eitthvað sem betur mætti fara í bæjarfélaginu hvað varðar heilsueflingu eða aðbúnað til heilsueflingar. Oftar er þrýstingur frá heilum hópi vænlegri til árangurs heldur en rödd eins einstaklings.

Þau verkefni sem við erum að vinna að um þessar mundir eru mörg og ólík. Fimmtudagskvöldið 13. mars mun Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur kynna niðurstöður meistararitgerðar sinnar frá Háskólanum á Akureyri. Fyrirlesturinn nefnir hún „Tíminn læknar *ekki* öll sár; kynferðisleg misnotkun og önnur sálræn áföll í æsku og áhrif þeirra á heilsufar og líðan kvenna". Þá verður einnig kynning á starfssemi Sólstafa Vestfjarða sem eru systursamtök Stígamóta. Eftir páskana verður Matti Osvald með fyrirlestur á okkar vegum um það hvernig við getum tekið okkur á og bætt heilsuna. Fyrstu helgina í apríl mun svo Guðjón Bergmann verða með námskeiðið „Þú er það sem þú hugsar". Þetta helgarnámskeið hefur verið mjög vinsælt um land allt og þar sem Guðjón ætlar að flytja af landi brott með haustinu er um að gera að láta þetta námskeið ekki fram hjá sér fara.

Sigríður Jóhannsdóttir.

Til að gera bæjarbúum auðveldara um vik með að komast á námskeiðið höfum við í Heilsueflingunni náð góðum samningum við ýmsa aðila hér í bæ og þannig dregið úr kostnaði við námskeiðishaldið. Hefur Guðjón því ákveðið að gefa mjög góðan afslátt af námskeiðisgjaldinu. Um þessar mundir erum við einnig að vinna að gerð glæsilegrar heimasíðu. Þar mun meðal annars verða að finna yfirlit yfir allt það tómstundastarf sem er í boði í bæjarfélaginu, yfirlit yfir fólk sem gæti staðið fyrir margvíslegri fræðslu og gott tenglasafn. Þá erum við einnig að byrja að undirbúa Fjallapassaleik næsta sumars í samvinnu við JCI-Vestfirði og fyrirhugað er samstarf við HSV í sambandi við hreyfingu fyrir fullorðna.

Eins og sjá má eru margvísleg og skemmtileg verkefni á borði Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ. Þeir sem vilja vinna með okkur að þessum og öðrum verkefnum er velkomið að hafa samband við okkur í gegnum netfangið *heilsuefling isafj@simnet.is*.

Fyrir hond Heilsueflingar í Ísafjarðarbæ,

Sigríður Ragna Jóhannsdóttir.

Áfram leitað að heitu vatni í Álftafirði

Leit að heitu vatni í Álftafirði mun halda áfram en ekki er vitað hvenær hún hefst. Undirbúningur verkefnisins hefur farið fram. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að verkefnið hafi verið í millibilsástandi vegna óvissu með þátttöku hins opinbera. „Aðkoma ríkisins er að skýrast og þegar það skýrist mun verkefnið fara í gang á ný“,segir Ómar. Víðtæk leit að heitu vatni mun fara fram í Tungudal í Skutulsfirði í sumar eftir að tilraunaboranir gáfu góða raun. Samskonar boranir hafa verið gerðar í Súðavík og lofað góðu.

Ökumenn fastir en börnin laus

Lögreglan á Vestfjörðum hefur orðið vör við að öryggisbúnaði barna í bílum sé oft á tíðum ábótavant en lögreglumenn fylgjast sérstaklega vel með öryggisbúnaði og farsímanotkun í bifreiðum þessar vikurnar. „Fólk er ekki nógu duglegt að nota einfaldan öryggisbúnað eins og bílbelti, verst er þó þegar börnin eru ekki tryggilega fest. Það hefur jafnvel komið upp að ökumenn séu festir en börnin laus“, segir Jón Svanberg Hjartarson, varðstjóri lögreglunnar á Ísafirði. Hann segir einnig að alltaf sé þó nokkuð um farsímanotkun ökumanna á meðan akstri standi.

Dánarbætur smábátasjómanna í ólestri

Dánarbætur til aðstandenda Unnars Rafns Jóhannssonar og Eiríks Þórðarsonar, sem fórust með Björgu Hauks ÍS við mynni Ísafjarðardjúps fyrir ári, þykja vera smánarlegar. DV fjallaið um málið í síðustu viku. Þar er sagt frá því að bæturnar sem foreldrar Unnars fengu hafi ekki dugað fyrir útfararkostnaði. Kristinn Pétur Njálsson, stjúpfaðir Unnars, segir að tryggingarfélagið hafi í fyrstu ekki ætlað að borga neitt. „Af góðmennsku sinni, eins félagið lagði þetta upp, létu þeir okkur hafa tæpar 400 þúsund krónur, eitthvað sem dugði ekki einu sinni fyrir útförinni“, segir Kristinn í samtali við DV.

Björg Hauks dregin að landi.

Haft er eftir Gunnlaugi Finnbogasyni, formanni smábátafélagsins Eldingar, að þetta sé mjög alvarlegt mál og nauðsyn að laga tryggingarmál smábátasjómanna. „Þessar bætur er hvorki viðundandi né mannsæmandi. Það virðist eiginlega ekkert vera gott við þessar tryggingar smábátasjómanna, þær standa ekki undir nafni og ég held að menn hafi haldið að þær væru betri en þetta“, segir Gunnlaugur í DV.

Unnar var tryggður hjá tryggingarfélaginu Verði og segir Sigurður Óli Kolbeinsson, forstöðumaður tjónasviðs Varðar, að almennt séu dánarbætur smábátasjómanna greiddar út samkvæmt sigl-ingalögum og að þau geri ekki ráð fyrir greiðslu bóta til þeirra sem eiga eftirlifandi maka eða börn. Unnar var ókvæntur og barnlaus.

Rætt er við Pálínu Þórarinsdóttur, ekkju Eiríks, í DV. Hún segir að sér finnist undarlegt hversu lítils virði sjómannslífið er metið. Pálína og dóttir Eiríks fengu eina milljón í dánarbætur. *– smari@bb.is*

Langeyrartjörn varin

Verja á Langeyrartjörn í Álftafirði fyrir ágangi sjávar. Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir tjörnina vera náttúruperlu. „Við eigum eftir að ákveða hvað við gerum við hana. Það eru hugmyndir um að byggja upp útivistarsvæði við tjörnina en fyrsta verkefnið er að verja hana“, segir Ómar.

Sjór mun ganga inn í tjörnina verði ekkert að gert. Farið verður í sjóvarnirnar í sumar. Þeir sem fara á hraðferð um Álftafjörð verða trúlega ekki mikið varir við Langeyrartjörn. Sumir nefna hana eitt best geymda leyndarmálið í náttúrufegurð Álftafjarðar. Þar hefur í áranna rás þrifist fjölskrúðugt fuglalíf og gróðurfar en á síðari árum hefur landbrot lagt þessa perlu í hættu.

Hvalaskoðun við Ísland. Ljósm: elding.is

Hvalaskoðun frá Vestfjörðum?

Hagkvæmt er að hefja skipulagða hvalaskoðun á Ströndum og við Ísafjarðardjúp á Vestfjörðum og er stefnt að slíkri starfsemi frá Drangsnesi við Steingrímsfjörð í sumar. Þetta kemur fram í niðurstöðum hagkvæmnisathugunar, sem Hvalaskoðunarsamtök Íslands, Icewhale, og Alþjóðlegi dýraverndunarsjóðurinn, IFAW, stóðu að. Arianna Cecchetti, starfsmaður Hvalasafnsins á Húsavík, og Marianne Rasmussen hjá Háskólasetri HÍ á Húsavík unnu skýrsluna á þessu ári og var hún kynnt á Selfossi fyrir stuttu. Í henni kemur fram að miklir möguleikar felist í ferðamennsku og þar með hvalaskoðun. Hinsvegar vanti upplýsingar um tölu ferðamanna á Vestfjörðum og því sé erfitt að meta hvað margir myndu nýta sér hvalaskoðun á svæðinu, en upplýsingaöflun hefjist í sumar.

Samt sem áður liggi fyrir að villt náttúran og útsýni dragi að ferðamenn svo gera megi því skóna að hvalaskoðun yrði enn eitt aðdráttaraflið og fengi ferðamenn hugsanlega til að eyða meiri tíma á svæðinu, því þar sé þó nokkur hvalagengd. Bent er á að upplýsingar liggi fyrir um ýmsar hvalategundir þarna eins og til dæmis hrefnur, hnýðinga, húfubaka, háhyrninga og búrhvali.

Fram kemur að Drangsnes sé heppilegasti staðurinn til að gera út hvalaskoðun, því næst Reykjanes í Ísafjarðardjúpi og svo Ísafjörður og Bolungarvík, en hugsanlega þurfi að gera ýmsar úrbætur eins og til dæmis í sambandi við gistingu og hafnaraðstöðu.

Jóna leysir Skarphéðinn af

Jóna Benediktsdóttir, fyrrum aðstoðarskólastjóri við Grunnskólann á Ísafirði, hefur tekið tímabundið við sem skólastjóri Grunnskóla Önundarfjarðar. Á fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar var greint frá því að Skarphéðinn Ólafsson skólastjóri Grunnskóla Önundarfjarðar er nú veikindaleyfi og gert er ráð fyrir að veikindi hans vari í nokkrar vikur. Jóna mun því sinna starfi skólastjóra í forföllum hans. Vonast er til að þetta valdi sem minnstri röskun á skólastarfinu. Eins og kunnugt er sagði Jóna upp störfum við Grunnskólann á Ísafirði í vor eftir að hafa unnið þar í áratug.

Lögaðilar fá afslátt af fasteignagjöldum

Lögaðilar munu fá afslátt af fasteignagjöldum hesthúsa. Drög af nýjum reglum vegna styrkveitinga til greiðslu fasteignagjalda af hesthúsum í Ísafjarðarbæ hafa verið lögð fyrir bæjarráð. Í umsókn lögaðila verður að upplýsa hverjir eigi búfé í þeirri fasteign eða matshluta, sem sótt er um afslátt fyrir. Einungis sé veittur afsláttur á einstaka matshluta, þ.e. þann hluta eignarinnar, sem nýttur er undir hesta og heyforða. Þá er í reglunum áréttað að frá og með árinu 2012 falla styrkir alfarið niður.

Líf og fjör á dalnum

Úlfur Guðmundsson tók við starfi forstöðumanns skíðasvæðis Ísfirðinga fyrr í vetur. Úlfur hafði búið og starfað á Siglufirði í mörg undanfarin ár og meðal annars gegnt starfi forstöðumanns skíðasvæðisins þar nyrðra. En nú er hann kominn heim til Ísafjarðar en eins og flestir vita er hann barnabarn Úlfs heitins Gunnarssonar yfirlæknis. Nú er háannatíminn að ganga í hönd á skíðasvæðinu, sjálf skíðavikan. Blaðamaður sló á þráðinn til Úlfs og forvitnaðist um stemninguna fyrir páskunum

„Við reiknum með að Sandfellsbrekkurnar verði opnar. Ætli það verði ekki fimmtán brekkur troðnar. Þar sem það er svo mikill snjór þá munum við gera nýjar tengingar milli brekknanna. Ég býst við að Fossavatnsgönguhringurinn verði troðinn. Þannig að það verður óhemjumikið af brautum, bæði fyrir gönguskíðafólk og svigskíðafólk. Ég held að hvergi á landinu, nema kannski í Bláfjöllum, séu jafnmargar brekkur en þeir eru með miklu fleiri lyftur en við.“

–Verður aðstaða fyrir brettafólk?

„Við munum reyna það. Það þarf að finna hentugan stað. Við getum ekki haft það inni á sjálfu skíðasvæðinu þannig að þetta verður fyrir utan. Framtíðin er að hafa alvöru svæði fyrir snjóbrettafólk og þá sér lyftu fyrir það.

Fimmtán ár frá síðustu Skíðaviku

–Fólk er ekki bara á skíðum í skíðavikunni. Verður ekki húllumhæ upp á svæði?

„Ég hef nú ekki verið hérna á páskum í mörg ár og veit ekki nákvæmlega hvernig þetta hefur verið en það verður mikið um að vera.

–Hvað er langt síðan þú varst á Skíðaviku?

„Það eru fimmtán ár síðan. Konan mín kom hingað um páska en ég var fastur fyrir norðan í skíðaþjálfun. En síðast þegar ég kom um páska þá var svæðið upp á Seljalandsdal. En ég er að læra mikið um svæðið og ofboðslega mikið af möguleikum á þessu svæði þegar það er svona mikill snjór. Við munum sleppa troðurunum lausum út um allt!“

Nægur snjór á dalnum

–Er nægur snjór?

„Já, þó að snjóalögin séu sumstaðar þunn þá er það allt í lagi fyrir hinn venjulega skíðamann, það er verst fyrir brautarlagningar. En eins og ég segir þá munum við reyna að tengja svæðin og brautirnar sem mest þannig að þetta verði eins og köngulóarvefur og fólk getu farið margar leiðir.“

–Er ekki að koma nýr troðari?

„Jú, hann er kominn til lands og hann mun verða til sýnis niður í bæ þegar sprettganga Núps verður haldin og mun keppnin verða fyrsta verkefni hans. Þetta er mjög öflugur troðari og við munum verða með þrjá troðari. Einn troðari fer upp á göngusvæðið og verður alfarið þar.“

Fermingar vorið 2008

Ísafjarðarkirkju 20. mars kl. 14:00

1. Björk Sigurðardóttir, Hlíðarvegi 38
2. Hanna Lára Jóhannsdóttir, Fagraholti 2
3. Hinrik Elís Jónsson, Eyrargötu 8
4. Ívar Þór Ottósson, Austurvegi 13
5. María Rebekka Hermannsdóttir, Hnífsdalsvegi 1
6. Matthías Króknes Jóhannsson, Aðalstræti 26

Ísafjarðarkirkju 26. apríl kl. 14:00

1. Alberta Runný Aðalsteinsdóttir, Sundstræti 39
2. Anton Ívar Ísaksson, Stórholti 9
3. Aron Guðmundsson, Móholti 3
4. Fannar Þór Ingason, Fjarðarstræti 2
5. Guðmundur Ingi Óskarsson, Hjallavegi 4
6. Ólafur Atli Einarsson, Seljalandsvegi 69
7. Stefán Óli Magnússon, Eyrargötu 6

Hnífsdalskapellu 11. maí kl. 11:00

1. Arna María Arnardóttir, Bakkavegi 17
2. Gyða Kolbrún Þrastardóttir, Strandgötu 7a
3. Stefán Friðbjarnarson, Bakkavegi 37

Ísafjarðarkirkju 11. maí kl. 14:00

1. Arna Halldóra Rögnvaldsdóttir, Sólgötu 7
2. Arnheiður Steinþórsdóttir, Móholti 5
3. Ásgeir Hinrik Gíslason, Fagraholti 3
4. Hákon Óli Sigurðsson, Sundstræti 30
5. Heiðdís Hrönn Dal Magnúsdóttir, Miðtúni 29
6. Helga Þuríður Hlynsdóttir, Móholti 8
7. Ísak Valdimarsson, Skipagötu 6
8. Ísleifur Muggur Jónsson, Hafraholti 54
9. Jóhann Jakob Friðriksson, Hrannargötu 10
10. María Birna Veigarsdóttir Olsen, Sólgötu 7
11. Perla Sigurðardóttir, Miðtúni 47
12. Rakel Ástrós Heiðarsdóttir, Stórholti 7
13. Salmar Már Salmarsson Hagalín, Hafraholti 8
14. Sigurlaug Margrét Hafþórsdóttir, Seljalandsvegi 50
15. Særún Lind Bergsteinsdóttir, Sundstræti 32
16. Tanja Björk Ómarsdóttir, Árholti 11
17. Vilborg Sólrún Jóhannsdóttir, Aðalstræti 20
18. Þórunn Halla Jóhannsdóttir, Aðalstræti 20

Ísafjarðarkirkju 1. júní kl. 14:00

1. Anna María Stefánsdóttir, Túngötu 15
2. Gunnar Þór Grétarsson, Urðarvegi 4
3. Petra Rut Jónsdóttir, Brautarholti 13

Ísafjarðarkirkju 8. júní kl. 14:00

1. Guðlaug Brynja Sigurðardóttir, Góuholti 1
2. Sunna Sturludóttir, Austurvegi 15

Ísafjarðarkirkju 15. júní kl. 11:00

1. Anton Ingi Sveinsson, Hrannargötu 2
2. Birkir Örn Stefánsson, Brautarholti
3. Halldór Bjarki Haraldsson, Fjarðarstræti 2
4. Ingvar Bjarni Viktorsson, Seljalandi 16
5. Jónína Elísa Ólafsdóttir, Túngötu 18
6. Róbert Karl Boulter, Miðtúni 17
7. Sigurður Óli Rúnarsson, Tangagötu 4
8. Tómas Helgi Svavarsson, Seljalandsvegi 75

Fermast annars staðar: Andrés Hjörvar Sigurðsson, Miðtúni 16, fermist 4. maí í Fellsmúlaprestakalli, Árnesprófastsdæmi. Bæring Rúnar Henrýsson, Fjarðarstæti 39, fermist 10. ágúst í Staðarkirkju í Aðalvík. Hjálmar Forni Sveinbjörnsson, Aðalstræti 11, fermist 24. apríl í Fríkirkjunni í Reykjavík.



Siggi blóma. Mynd: Spessi.

Ellistoppari Sigga blóma

Sigurður Sigurðsson kaupmaður hefur þróað jurtablöndu sem gerir sama gagn og stinningarlyfið Viagra. Íslensku Viagra-jurtina finnur Sigurður, betur þekktur sem Siggi blóma, á Vestfjörðum. Hann segir þá sem reynt hafa „Ellistopparann“ vera æsta í meira. „Það er algjört leyndarmál hvað er í þessum jurtablöndum en þeir sem koma í Dalbæ og smakka á afurðunum verða ekki sviknir,“ segir Siggi blóma sem tekur við rekstri Dalbæjar á Snæfjallaströnd í vor og býður fólki þar að kynnast undrum vestfirskra jurta.

„Við höfum eina íslenska jurt sem hefur að geyma eiginleika Viagra,“ segir Siggi en vill ekki gefa upp hvaða jurt það er. „Það tók dágóðan tíma að finna hana en það er svolítið af henni á Vestfjörðum. Hún varðveitist vel þar sem snjóar mikið á veturna og finnst í um 300 metra hæð.“

Ein jurtablandan sem Siggi hefur þróað heitir Ellistopparinn og viðheldur æskublómanum líkt og nafnið gefur til kynna. Siggi hefur prófað blönduna á stórum vinahóp og eftirspurnin er mikil. Íslenska Viagrablandan sem hann kallar svo fór að njóta vinsælda eftir að kunningi Sigga sauð hana eftir leiðbeiningum hans.

„Hann vildi ólmur meira því þetta svínvirkaði,“ segir Siggi hlæjandi.

– smari@bb.is

Verðskrá OV hækkar um 6%

Verðskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforkudreifingu í þéttbýli og dreifbýli hækkaði um 6% frá og með 1. mars að viðbættum 0,11 kr/ kWh vegna flutnings innmötunargjalds yfir í útmötunargjald hjá Landsneti 1. október 2007. Þrátt fyrir þessa hækkun verða tekjur OV einungis tæp 90% af þeim tekjum sem eftirlitsaðilinn, Orkustofnun, telur að séu nauðsynlegar til að standa undir rekstri rafdreifikerfis Orkubúsins. Verðskrá OV fyrir raforkusölu hækkaði um 5% frá og með 1. mars. Frá þessari hækkun dragast 0,11 kr/kWh vegna flutnings innmötunargjalds yfir í útmötunargjald hjá Landsneti 1. október 2007. Þá hækkaði verðskrá OV fyrir hitaveitur um 5% frá og með 1. mars.

Einnig tók gildi ný verðskrá fyrir tengigjöld hjá OV. Helstu breytingar eru þær að tengigjöld fyrir rafmagn og hitaveitu eru aðskilin og leiðir það til nokkurrar hækkunar fyrir húsbyggjendur á hitaveitusvæðum. Í dreifbýli mun breytingin hinsvegar leiða til lækkunar á ýmsum þáttum sem áður voru háðir greiðslu alls kostnaðar.

„Orkubú Vestfjarða hefur ávallt haft að leiðarljósi að halda orkuverði í lágmarki á veitusvæði sínu en nú var svo komið að ekki var unnt að komast hjá hækkunum. Þessar hækkanir á verðskrám eru nauðsynlegar til þess að mæta hækkun á orkuverði frá Landsvirkjun, hækkunum á flutningsgjaldskrá Landsnets sem og hækkun launa og annarra kostnaðarliða í rekstri fyrirtækisins“, segir í tilkynningu.

Verðskrár OV höfðu verið óbreyttar frá 1. mars 2007 og síðan þá hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 7%, byggingarvísitala um tæp 5% og launavístala um rúm 6%. Gildandi verðskrár hverju sinni má finna á vef Orkubús Vestfjarða.

– thelma@bb.is

GSM samband náðist í fyrsta sinn víða á Gemlufellsheiði á föstudag. Myndir: Guðmundar Ragnar Rúnarsson.

GSM-samband stórbatnar með tilkomu nýrra senda

Tæknimenn Vodafone eru í óða önn að setja upp senda til að styrkja GSM farsímaþjónustu á Vestfjörðum. Á föstudag var settur upp sendir í Holti í Önundarfirði og hefur GSM-samband á Gemlufallsheiði stórbatnað fyrir vikið. „Við ætlum að vera búnir að setja upp 30 senda um allan Vestfjarðakjalkann fyrir lok árs og mun þá sambandið stórbatna“, segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone.

„Tæknilið okkar er á þeytingi út um allt að setja upp senda og strax eftir páska ætlum við að koma fyrir langdrægum sendi á Bolafjalli sem mun ná 100 sjó, sem er talsvert lengra en menn hafa vanist. Þá eru fleiri svæði á döfinni en í Flatey stefnt að gangsetningu á langdrægum sendi strax eftir páska sem mun senda í allar áttir þannig að menn munu finna fyrir honum víða.“

Vodafone vinnur nú að því að koma sendum upp um allt land en drægni þeirra er mjög mikil og skiptir uppbyggingin því miklu máli á miðunum í kringum Ísland og til fjalla. Ekki er þó kveikt á öllum sendunum um leið og þeir eru settir upp en Hrannar segir að búast með við að það verði á næstu vikum.

Eins og áður sagði er stefnt að því að uppsetningu sendanna verði lokið fyrir árslok en að sögn Hrannars dreifast verkin niður á árin og sumir komast ekki í gagnið fyrr en á síðari part árs.

– thelma@bb.is

Um er að ræða öfluga og langdræga senda.

Gönguferð í Jökulfirði á Skíðaviku

Gönguferð í Jökulfirði verður farin með ferðaþjónustubændum í Grunnavík á föstudaginn langa. Brottför verður frá Ísafirði kl.10 og siglt verður til Leirufjarðar þar sem farið er í land og gengið til Grunnavíkur með fararstjóra. Þar verður boðið upp á heita drykki og meðlæti við sögur frá löngu liðnum tímum.

Þeir sem ekki fara í gönguna geta siglt með Ramónu til Grunnavíkur og tekið létta göngu og fengið aðstöðu í heitu húsinu að Sútarabúðum meðan beðið er eftir göngugörpunum. Gönguferðin er í tengslum við Skíðavikuna og er þetta í fyrsta sinn sem boðið er upp á hana.

Áætlaður komutími til Ísafjarðar kl.18. Verð 5.000 krónur. Upplýsingar og skráning á www.grunnavik.is eða í síma 848-0511.

– thelma@bb.is

Fjórðungssambandið kynnt í Brussel í haust?

Fjórðungssamband Vestfirðinga er á meðal þeirra sem sótt hafa um að vera með á svokölluðum Opnum dögum í Brussel í Belgíu í haust. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eru einnig með í för en Samband íslenskra sveitarfélaga fer fyrir hópnum og skrifstofa sambandsins í Brussel verður tengiliður við verkefnið.

„Þetta eru merk tímamót enda í fyrsta sinn sem íslensk sveitarfélög taka þátt í verkefni á vegum Héraðanefndar Evrópusambandsins sem er sveitarstjórnarvettvangur ESB (Committee of the Regions)“, segir á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd hinna þriggja landshlutasamtaka, er aðili að umsókn Norðurslóðanetsins en auk þeirra mynda norðurhéruð Finnlands, Svíþjóðar og Noregs, skosku hálöndin og Grænland þetta samstarfsnet. Skipuleggjendur Opinna daga hafa sett það sem skilyrði að a.m.k. átta svæði í fimm löndum myndi hvert samstarfsnet og því lá beinast við að fara í þetta net enda reynsla komin á samstarf þessara landa undanfarin ár í gegnum Norðurslóðaáætlunina.

Í umsókn hópsins kemur fram að hann hyggst skipuleggja heildags ráðstefnu um mikilvægi norðurslóða í byggðaþróun í Evrópu þar sem áhersla verður m.a. lögð á náttúruauðlindir landanna, mannauð, sóknarfæri í ferðaþjónustu o.m.fl. Auk þess munu þessir aðilar vera með kynningarbása á sk. Investors Café þar sem þeim gefst kostur á að koma sínum svæðum á framfæri gagnvart hugsanlegum fjárfestum og samstarfsaðilum.

Það mun liggja fyrir í lok mars hvort umsókn Norðurslóðanetsins fáist samþykkt en samstarfsaðilar eru mjög bjartsýnir á að svo verði. Opnir Dagar verða haldnir dagana 6.-9. október í Brussel og búast skipuleggjendur við að sveitarstjórnarmenn í Evrópu fjölmenni á viðburðinn líkt og undanfarin ár. Í fyrra sóttu 35 íslenskir sveitarstjórnarmenn Opna daga og má búast við að margir hafi hug á að koma aftur auk þess sem að nýir bætist í hópinn.

– thelma@bb.is

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244
Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Sundstræti 36, Ísafirði
Þrjár nýjar þriggja herbergja íbúðir í fjölbýlishúsi með lyftu ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðirnar eru 118,9 m² að stærð.
21.500.000,-

Tangagata 22, Ísafirði
114,2 m² einbýlishús á tveimur hæðum og með kjallara, sem byggt er úr timbri og endurbyggt fyrir rúmum 20 árum. Bílskúr er 37,4 m², byggður 1975.
19.900.000,-

Seljalandsvegur 84a, Ísafirði
Einbýlishús úr timbri á einni hæð ásamt geymsluskúr. Tvö svefnherbergi.
7.900.000,-

Sindragata 12, Ísafirði
425,9 m² skrifstofu og iðnaðarhúsnæði, nánar tiltekið stálgrindahús á einni hæð, einangrað og klætt með stálklæðningu. Fimm skrifstofu og tölvuherbergi og stór vörugeymsla/vinnslusalur.
24.900.000,-

Grundarstígur 12, Flateyri
Steinsteypt hús á tveimur hæðum. 62,5 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð og 81 m² 4ra herbergja á efri hæð. Nýleg klæðning, gluggar og þak.
9.800.000,-

Engjavegur 21, Ísafirði
132,2 m² fimm herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara Gott útsýni yfir bæinn. ATH íbúðin verður laus fljótlega!
15.900.000,-

Hjallavegur 11, Suðureyri
138 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð. Fjögur herbergi, nýtt þak og nýlegt eldhús og baðherbergi.
7.000.000,-

Vallargata 8, Súðavík
133,7 m² parhús úr timbri með bílgeymslu, byggt árið 1997, klætt að utan með steni klæðningu.
12.500.000,-

Austurvegur 1, Ísafirði
84,6 m² atvinnuhúsnæði á 2.hæð í miðbæ Ísafjarðar.
Tilboð óskast

Stekkjargata 31, Hnífsdal
90 m² forskalað einbýlishús úr timbri, nýtt þak að hluta. Einnig fylgir 18 m² hjallur.
Tilboð óskast

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Ójarðneskar verur flottastar

Grímuball stuðningsmanna KFÍ, Ísfólksins, fór fram í tíunda sinn fyrir stuttu. Ballið var í fyrsta sinn haldið á nýjum stað en það fór nú fram í Félagsheimilinu í Hnífsdal eftir að hafa verið haldið í Krúsinni frá upphafi. Grímudansleiknum vex ásmegin með hverju árinu og er greinilegt að sífellt meira er lagt undir til að gera búninga sem besta úr garði en undanfarin ár hafa ballgestir nær eingöngu mætt í heimatilbúnum búningnum. Síðustu ár hafa um 200 manns sótt ballið en heldur færri sóttu það í ár enda mikið um að vera í næturlífinu á Ísafirði þetta kvöld. Á grímuballinu fer jafnan fram kosning um þann búning sem gestum ballsins finnst skara fram úr. Í ár var það Marsibil Kristjánsdóttur sem bar sigur úr býtum en hún vakti athygli á grafalvarlegu máli og var gervi hennar sál sem hefur verið myrt með kynferðislegri misnotkun. Í öðru sæti voru Thelma Guðjónsdóttir og Helga Guðrún Gunnarsdóttir sem voru hlutgervingar vetrar og hausts og þriðja sætið féll í skaut hjónanna Ólafar Hildar Gísladóttur og Sigfúss Róberts Sigfússonar en hann var djöfull og hún geimvera. Að auki hlaut Marta Sif Ólafsdóttir verðlaun fyrir frumlegasta búninginn en hún var Facebook sem hefur notið mikilla vinsælda á veraldarvefnum. Páll Önundarson tók meðfylgjandi myndir á ballinu.

minn griðastaður

mín hvíld

mitt rúm

Fermingartilboð

Chiro Standard

120 x 200 cm

88.900 kr.

Dýna - Leðurklæddur botn - Lappir

Val um svarta, hvíta eða brúna leðurbotna. Fætur fást í eik, dökku wenge eða krómhúð.

Mette Ditmer rúmteppi á fermingarúm, afsláttarverð kr. 12.240, - á fermingartilboði. Teppin eru til í 7 litum.

Bólstraðir rúmgaflar í miklu úrvali. 15% afsláttur með fermingartilboðum.

Betra BAK

Skeiði 1, Ísafirði

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-14

Mannlífið

Ljósmyndasýning um norðanverða Vestfirði

Áhugaljósmyndarinn Ágúst G. Atlason opnar ljósmyndasýningu á kaffihúsinu Langa Manga í dag. Sýningin nefnist NV Vestfirðir nefnist sem er vitaskuld skírskotun í norðanverða Vestfirði. Sýndar verða landslagsmyndir frá svæðinu og eru allar myndirnar prentaðar á striga í stærðinni 50x70cm. Þetta er fyrsta ljósmyndasýning Ágústar en hann hefur fengist við ljósmyndun síðan 1990. Einnig tekur Ágúst þátt í samsýningu ljósmyndara og áhugaljósmyndara í Edinborgarhúsinu.

Smáauglýsingar

Til sölu er Nissan X-Trail árg. 2003. Möguleiki er á yfirtöku á bílaláni. Uppl. gefur Gunnhildur í síma 456 7752.

Til sölu er lítið notað og vel með farið fuglabúr, 58 cm(h), 32cm (b) og 60 cm (l). Fæst á 5.000 krónur. Uppl. í síma 456 7752.

Óskum eftir einbýlishúsi til kaups inni í firði á Ísafirði. Uppl. í síma 869 6852 eða á netfanginu ztebbi@simnet.is

Til sölu er Subaru Legacy Sedan árg. 2005, sjálfskiptut, 4x4, ekinn 34 þús. km. Upplýsingar í síma 891 7747.

Sænsk kona óskar eftir vinnu á Ísafirði í júní, júlí og ágúst. Talar reiprennandi sænsku, finnsku, ensku og frönsku og skilur íslensku, dönsku og norsku. Er með masters-gráðu í frönskum málvísindum, og hefur m.a. unnið við kennslu og umönnun. Svar sendist á nadja.widell@helsinki.fi.

Kvenfélagið Brynja á Flateyri verður með páskabingó laugardaginn 22. mars kl. 14 í samkomuhúsinu.

Keppt í skíðaskotfimi

Keppni í skíðaskotfimi fer fram á Seljalandsdal kl. 12 á skírdag. Mótið var endurvakið fyrir þremur árum eftir nokkurt hlé og þótti takast einstaklega vel en aðstaða til skíðagöngu á Seljalandsdal þykir hin besta. Skíðaskotfimimótið er haldið í samvinnu Skotíþróttafélags Ísafjarðar og göngudeildar Skíðafélags Ísfirðinga. Keppt var í skíðaskotfimi á Ísafirði nokkur ár í röð, en keppni lá niðri í nokkur ár þar til hún var endurvakin í fyrra.

Kirkjustarf

Holtsprestakall: Kvöldmessa í Flateyrarkirkju kl. 20:30 á skírdag. Altarisganga. Helgiganga í Önundarfirði á föstudaginn langa. Hefst með helgistund í Kirkjubólskirkju kl. 10:00. Þaðan verður gengið í Holt þar sem helgistund hefst í Holtskirkju kl. 12:00. Súpa í Holti friðarsetri kl. 12:30. Hátíðarguðsþjónusta í Holtskirkju kl. 14:00 á páskadag.

Spurning vikunnar

Ættu Súðavíkurgöng að vera framar í forgangsröðinni en Dýrafjarðargöng?

Alls svöruðu 1.427.
Já sögðu 618 eða 43%
Nei sögðu 742 eða 52%
Alveg sama sögðu 67 eða 5%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fjöldinn allur af tónlistarfólki á Aldrei fór ég suður

Aldrei fór ég suður verður haldin í fimmta sinn dagana 21. og 22. mars. Eins og venjulega stígur fjöldinn allur af tónlistarfólki á svið og verður hér fjallað um stóran hluta þeirra sem koma fram.

Allar myndir eru fengnar af heimasíðum hljómsveita eða úr myndasafni Bæjarins besta.

Hljómsveitin Sign.

Skakkmanage.

Sprengjuhöllin.

Bob Justman

Bob Justman heitir réttu nafni Kristinn Gunnarsson Blöndal og leikur lágstemmda en áhrifaríka gítartónlist. Hann er pólitískur í textum sínum og ef marka má lagatexta hans þá er hann einstaklega lítið hrifinn af ríkjandi stjórnvöldum í Bandríkjum Norður Ameríku. Kristinn hefur áður vakið athygli sem hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Ensími og sem plötusnúðurinn KGB. Þá hefur hann einnig verið hafnfirska rokktríóinu Botnleðju innan handar.

Fyrsta plata Bobs Justman hefur verið lengi í smíðum og hefur hennar verið beðið með óþreyju í langan tíma. Nú virðast hlutirnir ætla að gerast og er frumburður tónlistarmannsins, Happiness & Woe, væntanleg í plötuverslanir fljótlega.

Múgsefjun

Múgsefjun skipa fjórir piltar að sunnan sem leika vandaða, þjóðlagaskotna popptónlist. Þeir tóku upp fyrstu plötu sína „Skiptar skoðanir“ í svokölluðum Tanka, lýsistanki rétt innan við Flateyri sem hljóðmaðurinn og vörubílstjórinn Önundur Pálsson breytti í fullkomið hljóðver með aðstoð fjölmargra Flateyringa. Múgsefjun hefur notið mikillar hylli á Rás 2 þar sem lag þeirra Kalin slóð hefur legið eins og mara á eyrum landsmanna undanfarna mánuði.

Nafn hljómsveitarinnar gefur til kynna að tónlist þeirra geti ein og sér hamið öflugustu fjöldamótmæli. Nú er bara að sjá hvort þeir drengir standi undir nafni og nái að róa lýðinn á Aldrei fór ég suður.

Ultra mega teknóbandið Stefán

Ultra mega teknóbandið Stefán náði nokkrum vinsældum á síðasta ári með laginu Story of a star. Hljómsveitinga skipa nokkrir ungir menn frá Seltjarnarnesi sem spila hressilegt og frískandi synthapopp í anda níunda áratugar síðustu aldar. Fyrsta plata hljómsveitarinnar hefur litið dagsins ljós, en hún ber nafnið Circus.

Stefán vakti mikla athygli í Músiktilraunum Tónabæjar árið 2006 með óhefðbundinni og umdeildri framkomu. Töpuðu þeir naumlega og enduðu í öðru sæti.

Sjálfir segjast þeir vera undir áhrifum frá tónlistarmönnum og hljómsveitum eins og Kraftwerk, Daftpunk, Apparat organ kvartett og Prodigy.

XXX Rottweilerhundar

Þetta hjólhýsahyski vakti gríðarlega athygli með sinni fyrstu plötu sem kom út fyrir um sjö árum. Textar hundanna voru gríðarlega dónalegir og þóttu piltarnir því afspyrnu lélegar fyrirmyndir fyrir unglinga. Voru þeir fljótlega bannaðir í félagsmiðstöðvum víða um land. En nú eru þeir sem voru unglingar fyrir sjö árum orðnir sjálfum sér ráðir og hafa Rottweilerhundarnir verið að gera gott kommbakk að undanförnu.

Sign

Sign er skipað meðal annarra þeim Agli og Ragnari Rafnssonum frá Suðureyri í Súgandafirði. Þeir spila aggresíft og þétt rokk og hafa vakið gríðarlega athygli meðal rokkhunda hér á landi en ekki síður í útlöndum þar sem gömlu rokkkempurnar í Skid Row fengu þá til að hita upp fyrir sig á tónleikaferðalagi.

Sign lék á Aldrei fór ég suður fyrir tveimur árum. Sveitin var þó af illviðráðanlegum ástæðum ekki fullskipuð, en piltarnir létu það þó ekki á sig fá heldur héldu þeir órafmagnaði og æði sérstaka tónleika fyrir gesti hátíðarinnar.

Karlakórinn Ernir og Óttarr Proppé

Karlakórinn Ernir vakti gríðarlega lukku þegar þeir léku ásamt poppsveitinni Apollo á Aldrei fór ég suður fyrir þremur árum. Kórinn lætur sjá sig aftur á hátíðinni í ár, en í þetta skiptið hafa þeir fengið með sér forsöngvarann Óttarr Proppé, söngvara í Rass, Dr. Spock, Funkstrasse og síðast en ekki síst Ham.

Ernir og Óttarr taka saman þrjú ný lög Örn Elías Guðmundsson úr Súðavík og ríkir gríðarleg eftirvænting í bænum og víðar um land vegna þessa atriðis.

Abbababb

Skipuleggjendur Aldrei fór ég suður eru einstaklega barngóðir menn og reyna eins og þeir geta að bjóða upp á eitthvað fyrir blessuð börnin. Í fyrra voru það leikskólakennararnir og pönkrokkararnir í Pollapönki sem opnuðu hátíðina á laugardag. Var sérkennilegt að fylgjast með þeir aragrúa barnavagna sem voru í áhorfendaþvögunni og má búast við öðru eins þegar Abbababb fetar í fótspor Pollapönksins.

Hver man ekki eftir Prumpulaginu, Dodda draug og Hr. Rokk og fýlustráknum. Efþeir eru einhverjir ættu þeir að drífa sig niður á höfn daginn fyrir páska og hlýða á Dr. Gunna og félaga flytja lög af þessari plötu.

Benny Crespos Gang

Benny Crespos Gang skipa þrír ungir menn og ein ung kona úr Reykjavík. Þau segjast sjálf vera undir áhrifum frá m.a. At the Drive In, Rage Against the Machine og Blonde Redhead. Óhætt er að segja að Benny Crespos Gang sé ein allra athyglisverðasta rokksveit Íslands um þessar mundir.

Fjórmenningarnir leika á köflum níðþungt rokk&ról og skipta þess á milli yfir í örlítið ljúfari og talsvert framúrstefnulegri melódíur, en gæta þess þó að sjaldan eða aldrei sé overdrive-ið tekið af gíturunum.

Megas og Senuþjófarnir

Meistara Megas er varla þörf að kynna fyrir fólki, en það skal samt gert. Megas

Opnunartími skemmtistaða um páskana

Opnunartími skemmtistaða um páska verður sem hér segir: Á miðvikudegi er leyfilegt að hafa opið til kl. 03. Á Skírdag skulu allir staðir vera lokaðir á miðnætti. Á föstudaginn langa er tónleikahald og aðrir menningartengdir viðburðir leyfilegir frá kl. 15 en dansleikjahald er heimilt frá miðnætti til kl. 4. Á laugardag er í gildi hefðbundinn opnunartími. Á páskadag gildir það sama og á föstudaginn langa, tónleikahald og aðrir menningartengdir viðburðir leyfilegir frá kl. 15 en dansleikjahald er heimilt frá miðnætti til kl. 4. Á annan í páskum skulu skemmtistaðir vera lokaðir eitt eftir miðnætti.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag: Norðan og norðvestan hvassviðri og jafnvel stormur og sjókoma eða él, en bjart að mestu sunnantil. **Horfur á föstudag:** Norðvestan 5-13 m/s og él norðaustantil. Frost 0-10 stig. **Horfur á laugardag:** Vestlæg átt. Dálítil él vestan- og norðanlands en annars bjartviðri. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir hæglætis veður, víða bjart og þurrt og hiti svipaður.

hefur í áratugi verið einn þekktasti tónlistarmaður og textahöfundur íslensku þjóðarinnar, umdeildur á köflum en fáir ef nokkrir eru því ósammála að hann sé einn mesti áhrifavaldur íslenskra tónlistarmanna á seinni tímum.

Megas hefur margoft leikið á Ísafirði áður, meðal annars á Sólrisuhátíð Menntaskólans á Ísafirði, en hann leikur nú í fyrsta sinn á Aldrei fór ég suður.

SSSól

Eru ekki allir sexý? Það er orðið allt of langt síðan Ísfirðingar hafa fengið að heyra þess spurningu.

Hún er snúin aftur, hljómsveitin sem var fastagestur á Ísafirði á páskum í árafjöld enda er aðalsprauta sveitarinnar, sjálfur Helgi Björnsson, borinn og barnfæddur Ísfirðingur. Fáir ef nokkrir eru jafn færir balllistamenn og SSSól og líta nýir menn mikið til þeirra þegar þeir eru að reyna að fóta sig í jukkinu.

Háspenna – lífshætta, Sýra nostalgía, ég sé epli. Þarf að segja meira?

Lára Rúnarsdóttir

Lára Rúnarsdóttir er dóttir Rúnars Þórissonar, gítarleikara í ísfirsku hljómsveitinni Grafík sem er líklega eitt allra frægasta band sem orðið hefur til á Vestfjörðum. Lára hefur því ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana og hefur hún heillað marga með angurværum söng undanfarin ár, bæði þegar hún hefur komið fram undir eigin nafni eða með föður sínum.

Hjaltalín

Hjaltalín er tiltölulega ný hljómsveit, en hún var stofnuð árið 2004 af þeim Axel Haraldssyni, Grími Helgasyni, Guðmundi Óskari Guðmundssyni, Hirti Ingva Jóhannssyni, Högna Egilssyni, Rebekku Björnsdóttur, Sigríði Thorlacius, Viktori Orra Árnasyni og Þorbjörgu Daghne Hall. Þau hafa að undanförnu verið iðin við að fylgja eftir fyrstu plötu hljómsveitarinnar, Sleppdrunk seasons, og hafa spilað á fjölmörgum tónleikum síðan platan kom út í fyrra.

Mugison

Sómi Súðavíkur er sá eini sem hefur spilað á hátíðinni frá upphafi, enda þykir skipuleggjendum Aldrei fór ég suður ekki annað vera próper en að þessi rokkbóndi úr Djúpinu komi fram á hverju einasta ári.

Nýjasta plata hans, Mugiboogie, sem gefin er út af samnefndu fyrirtæki Mugisons og Papamug, var ein mest selda platan í jólabókaflóðinu og eru gagnrýnendur sammála um að þarna sé afskaplega vandaður gripur á ferð. Platan var tekin upp í glænýju stúdíói Mugisons sem standsett var í bílskúr listamannsins.

Steintryggur

Trymblarnir og slagverksleikararnir Sigtryggur Baldursson og Steingrímur Guðmundsson eru potturinn og pannan í þessu atriði. Þeir félagar eru meðal þekktustu trommuleikara þjóðarinnar, annar frægur fyrir útrásarpopp og hinn fyrir taktfastan og dynjandi mambóslátt sem stór hluti þjóðarinnar hefur stigið dans við í gegnum árin. Sveitin gaf út hljómplötuna Dialog fyrir um fjórum árum síðan.

Skakkamanage

Þessi hljómsveit með þessu furðulega nafni sem enginn virðist kunna að bera rétt fram nema kannski hljómsveitarmeðlimir var stofnuð árið 2003 af hinum þá nýgiftu Svavari Péturssyni og Berglindi Häsler.

Sveitin fékk skínandi dóma um fyrstu plötu sína, Lab of love. Það sem byrjaði sem koddahjal milli nýgiftra hjóna endaði sem litríkt tónlistaratriði sem hefur tekið Ísland með trompi.

Diagon

Diagon er skipuð þremur ungum mönnum, þar á meðal einum Flateyringi og einum Ísfirðingi. Þeir félagar spila einfaldlega rokk og ról og eru að koma fram á Aldrei fór ég suður í fyrsta sinn.

Diagon-liðar taka rokkið fram yfir aurinn og ákváðu að gefa sína fyrstu plötu, The volumes of misconception, ókeypis á netinu.

Skátar

Hljómsveitin var stofnuð upp úr aldamótum. Þeir gáfu út sína fyrstu plötu undir merkjum Ömmuútgáfunnar. Innlendir og erlendir tónlistargagnrýnendur hafa alla tíð verið einstaklega hrifnir af skátum og farið um þá fögrum orðum allt frá stofnun sveitarinnar.

Á heimasíðu hljómsveitarinnar kemur fram að Skátar hafi lengi þurft að berja frá sér gylliboð innlendra og erlendra plötuútgáfufyrirtækja, þar sem þeir trúa því af öllu hjarta að plötur eigi menn að gefa út sjálfir.

Hjaltalin.

Hraun.

Dísa

Dísa heitir fullu nafni Bryndís Jakobsdóttir og er Stuðmannaafkvæmi, dóttir Jakobs Frímanns Magnússonar og Ragnhildar Gísladóttur. Hún er nýstirni á íslenskum tónlistarmarkaði og lag hennar „Anniversary“ gerði mikla lukku á vinsældarlistum upp úr áramótum.

Dísu til aðstoðar á tónleikunum verða meðreiðarsveinarnir Magnús Tryggvason, Daníel Böðvarsson, Steingrímur Karl Teague og Andri Ólafsson.

Hjálmar

Reggeasveitin Hjálmar lék eftirminnilega tónleika á annarri Aldrei fór ég suður hátíðinni sem haldin var árið 2005. Þeir félagar snúa nú aftur til Ísafjarðar til að endurskapa þá stemmningu sem ríkti í salnum á sínum tíma.

Skipan sveitarinnar hefur breyst nokkuð frá því þeir spiluðu á Ísafirði síðast, en einkenni þeirra hefur lítið breyst, seiðandi reddeatónlist með séríslenskum áhrifum.

Morðingjarnir

Morðingjarnir er þriggja manna pönk-rokk band frá suðvesturhorninu sem hefur verið gríðarlega duglegt við að semja og spila. Á fyrstu þremur mánuðum hljómsveitarinnar náðu meðlimir hennar að semja, æfa og taka upp heila plötu.

„Stefnan er engin, fordómar í lágmarki og þeir snobba ekki fyrir neinu“, segir á heimasíðu sveitarinnar.

Hraun

Hraunið er Ísfirðingum vel kunnugt enda hefur hljómsveitin alla tíð verið dugleg við að koma vestur og spila á tónleikum og böllum. Í sveitinni eru meðal annarra Ísfirðingurinn Jón Geir Jóhannsson og Vestfjarðavinurinn Svavar Knútur Kristinsson sem á ættir að rekja til Önundarfjarðar.

Ballkunnátta þeirra er óumdeild, enda nærast Hraunarar á góðri stemmningu áhorfenda, en færri vita kannski að hljómsveitin á í pokahorninu urmul af frumsömdum lögum.

Sprengjuhöllin

Óhætt er að segja að Sprengjuhöllin hafi verið ein vinsælasta hljómsveit landsins á síðasta ári og var lag þeirra „Verum í sambandi“ spilað gjörsamlega í tætlur í útvarpi. Fyrstu plötu sveitarinnar var beðið með mikilli óþreyju og var henni vel tekið þegar hún loksins kom út í byrjun október á síðasta ári.

Hljómsveitina spila Atli Bollason, Bergur Ebbi Benediktsson, Georg Kári Hilmarsson, Sigurður Tómar Guðmundsson og Snorri Helgason.

– halfdan@bb.is

Lára Rúnars.

Steintryggur.

Dísa.

Hjálmar.

Ultra Mega Teknóbandið Stefán.

ÄNGLAMARK

UMHVERFISVÆNT • HÚÐVÆNT

ÄNGLAMARK VÖRURNAR:

UMHVERFISVÆNAR

HÚÐVÆNAR

NOTADRJÚGAR

HVÍTI SVANURINN – VOTTUN

EVRÓPUBLÓMIÐ – VOTTUN

ÄNGLAMARK BLUECARE

Anglamark Bluecare eru hágæða umhverfisvænar og húðvænar hreinlætisvörur sem hlotið hafa mikla athygli á Norðurlöndunum. Allar eru þær vottaðar ýmist með Norræna umhverfismerkinu Svaninum eða Evrópublóminu.

coop ÄNGLAMARK

BLUECARE

Þvottaefni f. lit 1 kg
449 kr/pk

Norræna umhverfismerkið Svanurinn

Norræna umhverfismerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum.

Eldhúspappír 4 rl
519 kr/pk

Salernispappír 8 rl
649 kr/pk

Þvottaefni f. hvítt 1 kg
449 kr/pk

Hreingerningarlögur 1 ltr
299 kr/stk

Fljótandi þvottaefni fyrir viðkvæman þvott 1 ltr
449 kr/stk

Uppþvottalögur 0,5 ltr
249 kr/stk

Uppþvottavélatöflur 32 stk
399 kr/pk

Salernishreinsir 1 ltr
249 kr/stk

coop ÄNGLAMARK

MINIRISK

ÄNGLAMARK MINIRISK

Anglamark Minirisk vörurnar eru bæði umhverfis- og húðvænar barnavörur sem innihalda hvorki lyktar- né litarefni. Vörurnar miða að því að lágmarka áhættu á ofnæmisviðbrögðum barna. Þessar vörur eru vottaðar með Norræna umhverfismerkinu Svaninum.

Blautklútar, 72 stk
299 kr/pk

Barnabaðsápa 400 ml
399 kr/stk

Barnasápa 3 stk
199 kr/pk

Barnakrem 250 ml
299 kr/stk

Samkaup úrval